



Íbúðir í Edenbyggð komnar í sölu

Íbúðir í Edenbyggð, sem er nýtt íbúðahverfi við göturnar Aldinmörk og Edenmörk í Hveragerði, eru nýlega komnar í sölu. Framkvæmdir hófust í maí 2018 en hverfið er skipulagt með framtíðina í huga, með frábæra teng-

ingu við göngustíga og þægilega aðkomu að bílastæðum með hleðslumöguleikum fyrir rafbíl. Miðsvæðis er leiksvæði og sælureitur með litlum gróðurhúsum sem íbúar geta fengið að njóta góðs af.

Alls verða 77 íbúðir í hverfinu en í fyrsta áfanga verða 25 íbúðir afhentar. Þær eru 63 til 80 fermetrar að stærð, 2-4 herbergja. Áætlaður afhendingartími er frá júlí 2019. Íbúðum verður skilað fullbúnum en án gólfefna. ög

Bræðurnir Gunnar og Marteinn hlutu menningarverðlaun Árborgar



Arna Ír Gunnarsdóttir, bæjarfulltrúi, Gunnar Sigurgeirsson, Marteinn Sigurgeirsson og Guðbjörg Jónsdóttir formaður íþróttar- og menningarnefndar Árborgar. Mynd: Árborg.

Bræðurnir Gunnar og Marteinn Sigurgeirsson hlutu menningarverðlaun Árborgar 2019 en verðlaunin voru veitt við hátíðlega athöfn á sumardaginn fyrsta við opnun menningarhátíðarinnar Vor í Árborg.

Báðir hafa þeir um langa hríð komið að kvikmyndagerð og ljósmyndun og liggur m.a. eftir þá fjöldi heimildarmynda sem tengist bernsku- og uppvaxtarlóðum þeirra á Selfossi.

Marteinn er kennari að mennt og hefur stærstan hluta ævi sinnar unnið við einhverskonar kennslu og miðlun ásamt gerð heimildarmynda.

Gunnar rak Ljósmyndastofu Suðurlands/Filmverk í 20 ár eða fram til ársins 2009. Hann myndaði m.a. mannlíf og ýmsa viðburði er tengjast sögu Selfoss. Einnig safnaði hann þúsundum ljósmynda fyrir Héraðsskjalasafn Árnesinga. ög

Sigrún Ásgeirsdóttir kvenfélagskona ársins 2018



Sigrún Ásgeirsdóttir, kvenfélagskona ársins 2018, og Elinborg Sigurðardóttir formaður SSK.

Tilkynnt var um val á kvenfélagskonu ársins 2018 á ársfundi Sambands sunnlenskra kvenna, sem haldinn var að Brautarholti á Skeiðum 13. apríl sl. Stjórnir kvenfélaganna velja konur úr sínum félögum til þessarar viðurkenningar. Elinborg Sigurðardóttir lýsti valinu og fór yfir glæsilegan feril Sigrúnar Ásgeirsdóttur sem félagskonu í Kvenfélagi Selfoss. Sigrún hlaut þessa viðurkenningu og fékk innrammað heiðurskjal því til staðfestingar ásamt áletruðu kökukefli, sem er farandgripur.

Starf kvenfélaganna er öflugt og þau eru mikilvæg stöð samfélagsins. Kvenfélagskonur leggja mikið af mörkum með sjálfböðnu starfi til að svo megi verða. Það er gefandi að styðja við góð og uppbyggileg mál í þágu samfélagsins.


Sjálfböðin vinna kvenfélagskvenna við fjáraflanir og önnur samfélagsverkefni er varlega áætluð um 15.000 klukkustundir á sl. ári eða 1870 dagsverk. Sjá nánar á bls. 16.

Sindratorfæran á Hellu um helgina



Fyrsta umferð Íslandsmótsins í torfæru verður haldin á Hellu laugardaginn 4. maí nk. Keppnin, eða Sindratorfæran eins og hún heitir, hefst kl. 11:00 og stendur fram eftir degi.

Er gólfhitinn rétt stilltur?



Fáðu
fagmann
í verkið

PÍPULAGNIR
HELGA
Selfossi • Sími 699 1985 • 823 6656



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

HYBRID



Framúrskarandi þjónusta við Toyota eigendur á Suðurlandi.

Toyota Selfossi Fossnesi 14 Selfossi Sími: 480-8000 www.toyotaselfossi.is



INGHÖLL INGHÖLL INGHÖLL INGHÖLL INGHÖLL REUNION2019

HVÍTAHÚSIÐ LAUGARDAGSKVÖLDIÐ 4. MAÍ

TJ THE DJ - DJ MARVIN - DJ PRIPPS - DJ BÚNI

30 ÁRA ALDURSTAKMARK - MIÐAVERÐ 1000 KR - HÚSIÐ OPNAR KL 23 - BOÐSGESTIR ÁRGANGUR 1979



Um réttindi á vinnuvélar

Dráttarvélar og tæki með drifskafstengdum eða vökvaknúnum vélum eða tækjum teljast til skráningarskyldra vinnuvéla.

Vakin er athygli á því að samkvæmt nýlegum breytingum á lögum er refsivert að stjórna skráningarskyldri vinnuvél án gilda réttinda. Einnig hefur, samkvæmt lögum, hámark dagsekta farið úr hundrað þúsund krónum í allt að eina milljón fyrir hvern dag.

Vinnueftirlitið annast framfylgni með lögnum og hefur nú þegar hafist handa. Stofnunin mun kæra til lögreglu öll mál þar sem stjórnandi skráningarskyldrar vinnuvélar er án gilda vinnu-



Guðni S. Theodórsson öðkennari.

vélaréttinda. Mjög mikilvægt hverjum þeim er hyggst stjórna vinnuvél að afla sér réttinda, ekki einungis vegna sekta heldur einnig út frá tryggingasjónarmiði.

Ökuland öðkaskóli heldur á næstunni vinnuvélanámskeið. Nánar á okuland.is.

RISAPRENTUN

A0 • A1 • A2 • LJÓSMYNDIR • PLAKÖT
VINNUTEIKNINGAR • RÚLLUSTANDAR



prentmet
HRADI - GÆÐI - ÞJÓNUSTA

SÍMI 482 1944
SELFOS@PRENTMET.IS
EYRAVEGUR 25, SELFOS

Stóra upplestrarkeppnin

– á skólabjónustusvæði Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu auk Vestmannaeyja

Þann 8. apríl sl. var lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar fyrir grunnskólana í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og Grunnskóla Vestmannaeyja haldin í Hvolsskóla á Hvolsvelli. Skólarnir sex sem þátt tóku í lokahátíðinni voru Grunnskólinn á Hellu, Grunnskóli Vestmannaeyja, Hvolsskóli, Kirkjubæjarskóli, Laugalandsskóli og Víkurskóli. Keppendur voru þrettán talsins, en að auki var nokkur fjöldi gesta viðstaddur hátíðina, m.a. foreldrar keppenda og kennarar skólanna, auk annarra góðra gesta. Nemendur Hvolsskóla úr valinu Þjóðleikur fluttu lög úr leikritinu Dúkkulísu, milli þess sem keppendur lásu upp ljóð og sögu og í hléi voru bornar fram glæsilegar kaffiveitingar. Keppendurnir 13 stóðu sig með mikilli þrýði og var dómurum vandi á höndum að gera upp á milli allra þessara góðu lesara. Á endanum stóð Lilja Dögg Ágústsdóttir Hvolsskóla.



F.v.: Kristín Sigfúsdóttir aðstoðarskólastjóri Laugalandsskóla, Sunna Hlín Borgþórsdóttir Laugalandsskóla (3. sæti), Jóhanna Alfreðsdóttir kennari Grunnskóla Vestmannaeyja, Gabriel Ari Davíðsson Grunnskóla Vestmannaeyja (2. sæti), Anna Kristín Guðjónsdóttir kennari Hvolsskóla, Lilja Dögg Ágústsdóttir Hvolsskóla (1. sæti).

skóla uppi sem sigurvegari. Í öðru sæti varð Gabriel Ari Davíðsson Grunnskóla Vestmanna-

eyja og í þriðja sæti Sunna Hlín Borgþórsdóttir Laugalandsskóla.

Góður árangur á Íslandsmóti barnaskólasveita í skák



Sveitir Vallaskóla og Sunnulækjarskóla.

Þrjár sveitir frá Selfossi tóku þátt í Íslandsmóti barnaskólasveita í skák, sem haldið var í Rimaskóla í Reykjavík 16.

mars sl., tvær úr Vallaskóla og ein úr Sunnulækjarskóla. Sveitirnar stóðu sig framar vonum og tefldu t.d. á 1. og 2. borði

í lokaumferð mótsis. Sunnulækjarskóli tefldi ekki neðar en á 4. borði eftir fyrstu umferðina. Liðstjóri var Björgvin Smári, kennari og formaður Skákfélags Selfoss og nágrennis.

Alls tóku 37 sveitir þátt í mótinu og enduðu a-sveitirnar í 14. og 16. sæti. Þess má geta að sveit Flúðaskóla stóð sig einnig frábærlega vel. Greinilega er mikill áhugi og góður efniviður á Suðurlandi í skákinni.

Skákfélag Selfoss og nágrennis er með æfingar á þriðjudögum kl. 16:30–18:00 fyrir grunnskólanemendur (3.–10. bekk). Gert er ráð fyrir að nemendur kunni mannganginn og ekki eru rukkuð þátttökugjöld.



Konukvöld

Lyfju og Heilsuhússins

á Selfossi 2. maí kl. 19 - 21

Léttar veitingar, vörukynningar og afslættir



- Kynningar á húð- og snyrtivörum. Sérfræðingar verða á staðnum og veita góð ráð.
- Afslættir af öllum vörum.*
- Fyrstu 30 sem versla fá gjöf.
- Léttar veitingar í boði.



- Inga Kristjánsdóttir, næringarþerapisti, verður á staðnum og veitir ráðgjöf.
- Kynningar og afslættir af öllum vörum.
- Smakk á köldum drykkjum og tei.

10% af lausasölulyfjum*.
20% af öllum öðrum vörum.

*Tilboð gilda ekki fyrir lyfseðilsskyld lyf.



Troðfullt hús hjá Sólheimaleikhúsinu

Sannkallað sumarveður lék við gesti á Sólheimum þegar leikfélagið frumsýndi leikverk-ið *Leitin að sumrinu* á sumardaginn fyrsta, 25. apríl sl. Sýningin fékk frábærar viðtökur og höfðu gestir orð á því að þetta væri besta sýning leikfélagsins í fjöldamörgum ár, að öðrum óstöðum. Uppselt var á frumsýninguna og í raun var húsið troðfullt. Leikhópurinn þurfti að breyta sýningunni örlítið vegna húsfyllis en ekki var mögulegt að komast út í salinn fyrir leikarana. Gestir drukku svo kaffi og nutu meðlætis í veðurbliðunni á Grænu könnunni að sýningu lokinni. Tvær sýningar voru um helgina sem leið og eru því aðeins þrjár sýningar eftir, á miðvikudag (1. maí) og um næstu helgi (laugardag og sunnudag).

Leitin að sumrinu fjallar um hann Jón sem þekkir ekki ann-

að en eilíft sumar. Dag einn fara skýtnar persónur að ryðjast inn í líf hans, hver á fætur annarri og skipta um árstíðir. Jón er í fyrstu alls ekki sáttur við þessar breytingar, en lærir smám saman að hver árstíð hefur sína kosti og galla.

Höfundar eru leikstjórinn Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson ásamt Ástþóri Ágústssyni og Magnúsi Guðmundssyni. Tónlistina semur Hallbjörn V. Rúnarsson forstöðuþroskaþjálfari á Sólheimum. Rómur helmingur íbúa og starfsmanna Sólheima koma á einhvern hátt að sýningunni.

Þessi sýning, eins og aðrar, hjá Leikfélagi Sólheima er einstök á svo margan hátt. Það eitt að geta haldið úti starfandi leikfélagi í svona litlu byggðahverfi er einstakt en tilgangur þess er líka örlítið frábrugðinn

öðrum leikfélögum, að efla þátttöku fatlaðs fólks í leiklist. Í farsælu samstarfi félagsins við Guðmund Lúðvík leikstjóra hefur sú venja skapast að á fyrri hluta æfingatímabilsins er mátað í hlutverkin og handritið mátað að hópnum, eða jafnvel skrifað og svo sniðið að þörfum og óskum hópsins. Allir leikarar eru því þátttakendur í skapandi ferli sem er dýrmætur hluti af þátttökunni. Það sama á við um tónlistina. Hún er skrifuð samhliða æfingaferlinu og höfundur sækir innblástur í óskir, væntingar og smekk leikaranna.

Eins og fyrr sagði eru einungis þrjár sýningar eftir. Sýningin hentar öllum aldri en börn eru sérstaklega velkomin.

*Hallbjörn V. Rúnarsson,
formaður Leikfélags Sólheima.*

Dagur harmonikunnar

Dagur harmonikunnar er fyrsti laugardagur í maí ár hvert og verður haldið upp á daginn af harmonikuunnendum víða um land. Samband íslenskra harmonikuunnenda, sem stendur fyrir deginum, er vettvangur 14 harmonikufélaga vítt um landið.

Hér austanfjalls verður ekkert gefið eftir og Harmonikufélag Rangæinga og Harmonikufélag Selfoss verða með uppákomur í tilefni dagsins en þessi tvö félög hafa starfað náið saman undanfarin ár með prýðisgöðum árangri. Í tilefni af deginum eða þann 4. maí mun sameinuð harmonikusveit þessara tveggja félaga troða upp í Skyrgærðinni í Hveragerði kl. 14:00 ásamt gestum og daginn eftir eða 5. maí á handverkssýningu eldri borgara í Hvoli á Hvolsvelli, einnig

kl. 14:00. Spiluð verða létt og skemmtileg lög bæði gömul og ný og gaman er að geta þess að stór hluti laganna eru sunnlenskar ættar.

Einnig er vert að geta þess að „Harmonikufélag Rangæinga yngri“ hefur verið stofnað, en félagið samanstendur af tíu nemendum Tónlistarskóla Rangæinga sem allir eru að læra á harmonikur undir handleiðslu Eyrúnar Gylfadóttur sem einnig er nemandi við skólann. Hún tók við kennslunni af Grétari Geirsyni í Áshóli sem hefur verið harmonikukennari skólans um langt árabil og á allan heiður af þessu starfi en Eyrún er einmitt nemandi hans. Einnig er gaman að geta þess að Tónlistarskólinn og Harmonikufélagið eru í góðu samstarfi og félagið hefur m.a.

lagt skólanum til harmonikur og veitt skólanum allan þann stuðning sem félaginu er unnt. Í Tónlistarskóla Árnesinga er einn nemandi í harmonikuleik sem stendur, þannig að við Sunnlendingar getum verið ánægð með það starf sem unnið er á þessum vettvangi hér austanfjalls.

Einnig má geta þess að undanfarin ár hafa þessi tvö félög staðið fyrir útihátíð á Borg í Grímsnesi í byrjun júní og í ár er hátíðin fyrirhuguð helgina 7.-9. júní. Einnig er stefnt að tónleikum í Hvoli á Hvolsvelli föstudaginn 31. maí kl. 20:30 og eru það formleg lok vetrarstarfsins að þessu sinni og ekki er víst að allir sem mæta í Hvolinn geti setið kyrrir í sætum sínum það kvöldið.



Sunnlenski matgæðingurinn



Matgæðingur vikunnar er Ingvar P. Guðbjörnsson.

Ég þakka Hauki vini mínum kærlega fyrir áskorunina og er mér ljúft og skylt að verða við henni. Ég hef afar gaman af matseld og hefur það heldur aukist eftir því sem árin færust yfir. Mér finnst mjög gaman að fá góða gesti í mat og býð þá gjarnan upp á nokkura rétta forrétt ásamt aðalrétti og eftirrétti og ætla því að gefa hér uppskriftir að einu nokkuð dæmigerðu matarboði hjá mér. Rétturinn saman stendur af gröfnu ærfille, hreindýrabollum, rjúpum, lambalæri og „Mars mousse“ í eftirrétt.

Premur dögum fyrir boðið legg ég ærfille í gröft salt sem ég blanda ca. 1 kg af salti og 2-3 msk. af hvítum sykri. Læt kjötið liggja í saltinu í um þrjár klst. Skola þá saltið af og þurrka kjötið. Næst er að mylja niður í mortéli 1 tsk. rósapipar, 1 tsk. svartan pipar, 1 tsk. grænan pipar, 1 tsk. einiber, 2-3 msk. af dilli ásamt 1 msk. af hrásykri. Vöðvinn er þakinn með kryddblöndunni, vafið inn í plastfilnu og geymdur inni í ísskáp fram að boðinu. Þá er kjötið sneitt niður og borið fram með góðri berjasultu.

Ég set hálf kg af hreindýrahakki í hrærivél með hnoðara, tvö meðalstór egg, 2 msk. af haframjöli, 2 msk. af muldum gráðastosi og 2-3 msk. af hveiti. Hræri þangað til blandan er orðin vel þétt en bæti við aðeins hveiti ef blandan er of blaut. Ég nota ofnskúffu með smjörpappír. Móta hæfilega stórar bollur á smjörpappírinn og steiki í ofni í 180°C í 14 mínútur. Ber fram með smá gráðastosi og skógarberjasósu.

Rjúpuna tek ég úr frysti tveimur kvöldum áður. Hamfletti og úrbeina rjúpunar kvöldið fyrir, snyrti bringurnar og geymi í kæli. Bein, læri og hjörtu sýð ég strax. Með því nota ég 2-3 skalottulauka, 2-3 gulrætur, 2-3 selleristöngla, nokkra timianstöngla, smá hvítvín, salt, pipar og smjör. Byrja á að saxa skalottulauk og gulrætur niður og steiki létt á pönnu upp úr smjöri. Léttsteiki beinin, lærin og hjörtun upp úr smjöri. Síðan set ég allt í pott með 750 ml af vatni og sýð vel niður. Sigta soðið frá og geymi í kæli. Sósuna geri ég svo rétt áður en ég ber matinn fram. Nota í hana 3 dl rjóma,



Ingvar P. Guðbjörnsson.

2 dl rjúpusoð, 1 msk. rífsberjahlaup, gráðast, salt, hálfan villisveppast, pipar og dass af púrtvíni. Ég set salt og pipar á bringurnar og steiki á pönnu í 1 mín. á hvorri hlið. Ber fram með sósunni.

Klassískur aðalréttur á mínu heimili er lambalæri. Lærið er kryddað með salti, pipar og góðu lambakryddi frá Pottagöldrum. Síðan sker ég 2 lauka í tvennt og set ofan í steikarpottinn ásamt 3 dl af vatni og nokkra góða bita af smjöri ofan á lærið. Elda svo við 170°C í um 1,5 klst. eða þangað til kjarnhiti er kominn í um 65°C. Leyfi því þá að hvíla í um 10 mín. áður en það er borið fram. Með því ber ég fram brúnaðar kartöflur, ferskt salat, rabarbarasultu og rjómasveppasósu.

Sósuna geri ég með því að skera niður 1 öskju af sveppum og steikja upp úr smjöri. Ég set þá í pott ásamt hálfum lítra af matreiðslurjóma og læt suðuna koma upp. Bæti við aðeins grænmetisskrafti og 1 dl af soði af lærinu. Ef sósan er þunn þykki ég með smá Maizenamjöli.

Í eftirrétt finnst mér gaman að bjóða upp á „Mars mousse“ sem er afar einföld. Tek 1 dl af rjóma og set í pott ásamt um 200 gr. af Mars-súkkulaði sem er brytjað niður. Hræri þetta út á heitri hellu þangað til allt er runnið saman. Læt kólna á meðan ég þeyti 4 dl af rjóma. Hræri svo tveimur eggjarauðum saman við súkkulaðiþlönduna og hræri því svo saman við rjómann í smá skömmtum þangað til allt er komið saman. Skipti svo í skálar (passar vel fyrir 6) og læt kólna í ísskáp í 2-3 klst. Ber svo fram með þeyttum rjóma.

Ég ætla að skora á vin minn, Gunnar Biering Agnarsson, fasteignasala, og veit að hann lumar á einhverju sniðugu í pokahorninu.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss,
sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Örn Guðnason, sími 856 0672, orn@prentmet.is.

Bláðamaður: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673,
gunnar@prentmet.is. Auglýsingar: Katla Harðardóttir,
sími 482 1944, katla@prentmet.is

Dagskráin kemur út á hverjum
miðvikudegi. Allt efni og auglýs-
ingar berist í Prentmet, Eyraveggi 25,
Selfoss, fyrir hádegis á mánuðögum.

Upplag 9700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan
Hellið. Dagskráin er aðili að
samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858



Vísnaðgátur-höf. Páll Jónsson - Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Gáta vikunnar

*Hún er kvilli höfði á,
huglaus talinn maður sá,
húsdýr vítt um heiminn er,
og heitið stjörnumerki ber.*

Svar við gátu í blaði 2495: SKEGG.

1. lína: höfskegg
2. lína: þakskegg



Sumarstörf hjá Arion banka á Kirkjubæjarklaustri og í Vík

Arion banki leitar að öflugum starfsfólki í sumarstörf við þjónustutengsl í útibúum bankans á Kirkjubæjarklaustri og í Vík. Við viljum fá til liðs við okkur öfluga einstaklinga sem hafa áhuga á að starfa í krefjandi og skemmtilegu umhverfi hjá framsæknu fjármálafyrirtæki.

Hæfni og eiginleikar

- Framúrskarandi þjónustulund og góðir samskiptahæfileikar
- Reynsla af þjónustustörfum er æskileg
- Góð tölvukunnátta
- Góðir námshæfileikar
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Stúdentspróf er æskilegt

Um er að ræða 80% störf frá 1. júní til 31. ágúst. Vinnutími er kl. 10.00–16.30.

Umsóknarfrestur er til og með 12. maí 2019. Unnið er úr umsóknum jafnóðum svo við hvetjum áhugasama til að sækja um sem fyrst. Öllum umsóknum verður svarað. Óskað er eftir að ferilskrá og einkunnir fylgi umsókn. Sótt er um störf á arionbanki.is/starf.

Nánari upplýsingar veita mannauðsráðgjafar okkar, sumarstorf@arionbanki.is.

Þú finnur ráð við gerð ferilskrár og kynningarbréfs á www.arionbanki.is/hagnytrad.



Arion banki er skráður á aðallista Nasdaq Iceland og Nasdaq Stockholm. Jafn réttur kvenna og karla til starfa er okkur hjartans mál. Arion banki er jafnlaunavottaður en það felur í sér formlega staðfestingu á því að fagleg vinnubrögð séu til staðar við ákvörðun launa og að starfsfólki í jafnverðmætum störfum sé ekki mismunað.





Suzuki-tónleikar og fræðslufundur

laugardaginn 4. maí kl. 11:00
í sal skólans Eyraveggi 9, Selfossi.

Á tónleikunum koma fram nemendur sem stundað hafa tónlistarnám skv. Suzuki-kennsluaðferðinni, en hún byggir á móðurmálsaðferðinni og virkri þátttöku foreldra. Geta nemendur hafið nám allt frá þriggja/fjöggurra ára aldri og er undravert hve fljótt nemendur ná góðum tökum á hljóðfærinu.

Að afloknum tónleikum býðst áhugasömum áheyrendum að ræða við kennara og fræðast um námið. Tónlistarskóli Árnesinga býður upp á Suzuki-nám á blokkflautu, gítar, píanó, fiðlu, víolu og selló.

Aðgangur er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir



Starfsmaður óskast á skrifstofu Bláskógabyggðar

Bláskógabyggð leitar að jákvæðum og áhugasömum einstaklingi til starfa á skrifstofu sveitarfélagsins við almenn skrifstofustörf þar sem fengist er við fjölbreytt verkefni. Skrifstofa Bláskógabyggðar er staðsett í Aratungu í Reykholti.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Álagning fasteignagjalda og reikningagerð.
- Verkefni tengd innheimtu krafna.
- Skráning mála í málaskrá, móttaka skjala og skráning.
- Samskipti við fasteignaeigendur og þjónustuaðila vegna tæmingar rotþróa.
- Símsvör, móttaka og afgreiðsla erinda, skráning og undirbúningur verkefna.
- Verkefni tengd vef- og upplýsingamálum.

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýttist í starfi.
- Góð íslenskukunnátta og ritfærni er skilyrði
- Góð enskukunnátta.
- Góð almenn tölvukunnátta er nauðsynleg.
- Reynsla af störfum innan stjórnsýslu og þekking á bókhaldi er kostur.

Leitað er að jákvæðum og áhugasömum einstaklingi sem er reiðubúinn að takast á við fjölbreytt verkefni. Viðkomandi þarf að vera mjög fær í mannlegum samskiptum, tilbúinn að fást við ólík verkefni, skipulagður og sjálfstæður í vinnubrögðum

Frekari upplýsingar um starfið

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Næsti yfirmaður er sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Umsóknnum ásamt ferilskrá má skila á netfangið blaskogabyggd@blaskogabyggd.is eða með pósti merktum: Sveitarfélagið Bláskógabyggð, Aratungu, 801 Selfoss, v/starfsumsóknar. Öllum umsóknnum verður svarað. Starfshlutfall er 100%. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Umsóknarfrestur er til og með 14. maí 2019

Nánari upplýsingar veitir Sigurrós H. Jóhannsdóttir, sigurros@blaskogabyggd.is.

100 ára afmælisveisla á Borg í Grímsnesi



Karlakór Selfoss flytur „Þú komst í hlaðið“. Mynd GPP.

Konurnar í Kvenfélagi Grímsneshrepps héldu upp á 100 ára afmæli félagsins með pompi og prakt síðasta vetrardag, þann 24. apríl sl. Akkúrat 100 árum áður, síðasta vetrardag árið 1919, var kven-

félagið stofnað á Minni Borg í Grímsnesi. Það voru 20 öflugar konur sem hittust þann dag og stofnsettu Kvenfélag Grímsneshrepps. Á þeim 100 árum sem félagið hefur starfað hafa meðlimir þess komið að fjöl-

mörgum málefnum í nærsamfélaginu og stuðlað að velferð þess og hagsæld. Þá sögu hefur Margrét Sveinbjörnsdóttir nú tekið saman og skrásett en bók um sögu Kvenfélags Grímsneshrepps er á lokametrunum.

Veislan fór fram í Félagsheimilinu á Borg í Grímsnesi. Salurinn var þétt setinn af félagskonum og öðrum velunnurum félagsins. Þegar blaðamann bar að garði var Karlakór Selfoss að koma sér fyrir á sviðinu og flutti nokkur lög undir stjórn Jóns Bjarnasonar. Ýmis skemmtiatriði og erindi voru flutt og kvöldið leið áfram undir dyggri veislustjórn Önnu Margrétar Magnúsdóttur sem skemmti gestum af sinni alkunnu snilld. Það var svo hljómsveitin Brínnes sem hélt uppi stuðinu fram á rauða nótt. -gpp

Stiklað á stóru um starfsemi Félags eldri borgara í Rangárvallasýslu á liðnum vetri

Handverkssýning félagsins verður haldin í Hvoli, Hvolsvelli 4. og 5. maí 2019 og þar með lýkur vetrarstarfinu sem byrjaði upp úr miðjum september.

Félagið starfar af krafti og er alltaf eitthvað um að vera á vegum þess alla virka daga vetrarins. Má þar nefna almennt handverk, útskurð í tré, kórstarf, spilað á spil, leikfimi, boccia o.fl. Kjarraráð er starfandi í félaginu og einnig Öldungaráð í samstarfi við sveitarfélögin. Því miður hefur starfsemi þess legið niðri um tíma vegna reglugerðabreytinga.

Auk þessa voru haldnir tveir fræðslufundir, annars vegar um kjaramál eldri borgara og hins vegar um félagsþjónustuna almennt og einnig um næringu aldraðra o.fl.

Árshátið félagsins var haldin 3. október 2018 í Kötlu mathúsi, sem er í LAVA-setrinu á Hvolsvelli.

Við fórum á jólahlaðborð á Hótel Rangá, í leikhús og héldum tvö helgarnámskeið í línudansi í febrúar og mars. Áhugi er fyrir að halda fleiri slík á næsta vetri.

Aðalfundur félagsins sem haldinn var 21. mars sl. var fjölmennur og ágætur fundur. Þar var m.a. samþykkt tillaga frá stjórn og kjarraráði FEB Rang.



Önnum kafnar konur við postulínsmálun o.fl.

um bætt kjör eldri borgara og henni beint til landsfundar LEB sem haldinn var í Reykjavík 10. og 11. mars 2019. Var tillögunni fylgt eftir á fundinum, þar sem hún var tekin fyrir og til umræðu, og sameinuð fleiri tillögum um sama mál. Einnig var samþykkt tillaga frá Guðgeiri Sumarliðasyni um niðurfellingu erfðafjárskatts. Var hún send til formanna allra þingflokka sem eiga sæti á Alþingi Íslendinga. Þá komu einnig fram hugmyndir um námskeið í „gömlu dönsunum“ og að athuga áhuga fólks um leikstarfsemi og verður þetta athugað með haustinu.

Ég vil að lokum þakka öllum sem komu að starfi félagsins, svo sem leiðbeinendum handverks og

aðstoðarkonu þeirra, kórstjóra, skemmtinefnd, ferðanefnd, spilanefndum og kaffikonum, kjarraráði, Öldungaráði, stjórn félagsins og öllum sem komu að starfi þess og tóku þátt.

Ég vil einnig þakka Héraðsnefnd Rangæinga fyrir þeirra mikla stuðning og fjárframlag til starfsemi FEB Rang. sem gerir okkur mögulegt að halda úti svo öflugri starfsemi sem raun ber vitni.

Að lokum þakka ég ykkur öllum kæru félagar fyrir gott samstarf og samveru á liðnum vetri. Gleðilegt sumar.

Guðrún Aradóttir, formaður FEB Rang.

Áhrif neyslu okkar á loftslagið

Þó við búum vel að eiga hreina orku eru innkaup á neysluvörum sá þáttur heimilishaldsins sem hefur hvað mest gróðurhúsaáhrif. Flestar okkar vörur eru framleiddar erlendis og fluttar langar leiðir. Losun gróðurhúsalofttegunda vegna þessa eru mikil og áhrifin eru hnattræn, og

á okkar ábyrgð. Breytt og bætt hegðun neytenda er lykilþáttur í sjálfbærari framtíð. Huga þarf að hringrás auðlinda og hætta að henda verðmætum. Draga þarf úr neyslu, endurnýta betur og endurvinnna allt sem hægt er. Á vef umhverfissudurland.is má finna hagnýtar upplýsingar um hvernig megi huga að loftslaginu

með aðgerðum á heimilinu. Einnig hvetjum við alla til að fylgjast með sjónvarpsseríunni *Hvað höfum við gert?* á RÚV undir stjórn stjórnar Sævars öll sunnudagskvöld þar sem fjallað er um loftlagsmál á mannamáli.

www.umhverfissudurland.is.

The logo for Ergo, featuring the word "ergo" in a white sans-serif font followed by an orange chevron symbol pointing to the right.

Heypyrla?

Við hjá Ergo erum engir sérfræðingar í heyverkun en við fjármögnum hins vegar heypyrlur.

Við fjármögnum flest milli himins og jarðar.

.....

Kynntu þér möguleikana á ergo.is

Auglýsing um skipulagsmál

Í Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi.

Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:

- 1. Breyting á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022 Jarðstrengslögn í Ásahreppi.
Kynnt er tillaga vegna breytingar á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022, sem felur í sér að sett er inn allt að 3 ha. iðnaðarsvæði fyrir tengivirki í landi Lækjartúns ásamt tengingu við Suðurlandsveg. Einnig er Selfosslína 2 felld út og gert ráð fyrir jarðstreng í hennar stað. Lagnaleið innan Ásahrepps er um 10 km löng.
- 2. Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Laugargerði Inr 167146
Kynnt er tillaga og greinargerð fyrir Laugargerði í Laugarási þar sem fyrirhugað er að breyta notkun garðyrkju lóðar þannig að heimilt verði að vera með verslun og veitingarekstur auk garðyrkju.
- 3. Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029, Bitra, þjónustumiðstöð.
Kynnt er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Breytingartillagan gerir ráð fyrir að byggingarmagn á lóðinni fyrir verslunar- og þjónustureit Bitru (VP8) verði aukið úr 5.000 m² í 8.500 m² og gististarfsemi verði heimiluð á lóðinni.
- 4. Breyting á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022, Miðmundarholt 1-6.
Kynnt er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022. Tillagan gerir ráð fyrir breyttri landnotkun í Miðmundarholti, úr Í3 sem er íbúðabyggð, í verslunar- og þjónustusvæði, þar sem gert er ráð fyrir gistingu í rekstrarflokki II.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstaða sveitarstjórnar Flóahrepps vegna eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:

- 5. Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Mosató 1 L226312. Breytt landnotkun.
Breytingin felur í sér breytta landnotkun lóðarinnar Mosató 1 L226312, úr landi Hnauss 2, í Flóahreppi. Breytingin felur í sér að landnotkun lóðarinnar er breytt úr frístundabyggð í íbúðabyggð. Sveitarstjórn Flóahrepps bókaði á fundi sínum 3.4.2019 að hún telji ekki þörf á grenndarkynningu og hefur breytingin engin umhverfisleg áhrif sem geta talist veruleg.

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt skipulags- og matslýsing fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:

- 6. Lýsing deiliskipulags fyrir Kjarnholt Ferðapjónustu, frístundabyggð og íbúðarhús.
Kynnt er skipulags- og matslýsing vegna nýs deiliskipulags fyrir frístundabyggð auk gisti- og ferðapjónustu. Um er að ræða 20 ha. svæði á jörðinni Kjarnholt í Bláskógabyggð. Gert er ráð fyrir tveimur lóðum undir þjónustu og gistihús, einni lóð undir íbúðarhús, 11 lóðum undir frístundabyggð og 14 lóðum undir smáhýsi.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

- 7. Deiliskipulag fyrir Grænhóla lóð 1 í Flóahreppi. Íbúðarhús, skemma og gistihús.
Auglýst er tillaga að deiliskipulagi sem nær til 9,8 ha. spildu (Inr. 218185) úr landi Grænhóla í Flóahreppi þar sem fyrirhugað er að byggja íbúðarhús, skemma og allt að þrjú lítil gistihús. Gert er ráð fyrir að stofnað verði lögðýli á spildunni.
- 8. Breyting á gildandi deiliskipulagi. Hakið, Þingvellir. Aðkoma að þjóðgarði. Stækkun bílastæða
Gert er ráð fyrir að breytingar frá gildandi deiliskipulagi verði eftirfarandi: Stækkun bílastæða og breyting á fyrirkomulagi þeirra. Lóð og byggingarreitur starfsmannahúss (lóð C) stækka til austurs til að skapa svigrúm fyrir minniháttar viðbyggingu við starfsmannahúsið. Gert er ráð fyrir lóð og byggingarreit fyrir litla spennistöð austan við núverandi starfsmannahús (lóð C). Gert er ráð fyrir lóðum og byggingarreitum fyrir tvær nýjar salernisbyggingar við bílastæðin utan hliðs.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá kl. 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögnum og tillögurnar sjálfar á vefslóðinni <http://www.utu.is>.
Skipulagstillögur nr. 1-6 eru í kynningu frá 30. apríl til 21. maí 2019 en tillögur nr. 7-8 eru í auglýsingu frá 30. apríl til 13. júní 2019. Athugasemdir og ábendingar við tillögum nr. 1-6 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 21. maí 2019 en 13. júní 2019 fyrir tillögum nr. 7-8. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

Rúnar Guðmundsson,
skipulagsfulltrúi
runar@utu.is.



Hvaða veikindi og slys tilheyrar: Bráðamóttaka vs. Heilsugæslustöð

Skýrar línur eru um hvenær fólk á að leita á bráðamóttöku. Það er þegar um alvarleg veikindi er að ræða sem geta verið þess eðlis að fólk þurfi innlögn á sjúkrahús í kjölfar komu á bráðamóttökuna, hér er verið að tala um sem dæmi hjartaáföll, blóðtappa, bráðaofnæmi þar sem hætta er á andnaði, öndunarbíln, hjartabilun, nýrnabilun o.s.frv. Þegar fólk lendir í slysum þar sem um mikla áverka er að ræða svo sem stór slysasár, brotin bein, árekstra þar sem hætta getur verið á innvortis blæðingum, fall úr hæð o.s.frv.

Á heilsugæslustöðvar leita þeir sem eru veikir og veikindin eru þess eðlis að þurfa ekki að fara á bráðamóttöku. Hér getur verið um að ræða hækkaðan blóðþrýsting, fótasár, sáraskiptingar, þvagfærasýkingar, eyrnasýkingar/eyrnabólgu, almenn veikindi, hita, hósta, andlega vanlíðan, slappleika, o.s.frv. Tilvísanir til sérfræðinga er sinnt á heilsugæslustöðvum í þeim tilfellum sem þess þarf. Vottorð vegna endurnýjunar ökuleyfis, örorku eða á lyfjaskírteinum er allt sem kemur inn á heilsugæslu-



stöðvar en fólk þarf að bera ábyrgð á að hafa samband í tíma, u.þ.b. einum til tveimur mánuðum áður en kemur að endurnýjuninni. Til þess að bráðamóttaka geti sinnt bráðveikum og slösuðum einstaklingum er mikilvægt að þeir sem eru minna veikir leiti á heilsugæslu en ekki bráðamóttöku. Þeir sem munu leita á bráðamóttökuna á opnartímum heilsugæslustöðva með tilfelli sem ekki þarfnast bráðameðferðar verður beint á þær heilsugæslustöðvar sem þeir tilheyrar.

F.h. Heilbrigðisstofnunar Suðurlands:
Birna Gestsdóttir, deildarstjóri bráðamóttöku HSU á Selfossi, Unnur Þormóðsdóttir, hjúkrunarstjóri heilsugæslustöðvar Selfoss.



Söngsveit Hveragerðis. Mynd: Birgir Thor.

Vortónleikar Söngsveitar Hveragerðis

Það er vor í lofti, lóan og maríuerlan syngja inn sumarið. Í tilefni þess ætlar Söngsveit Hveragerðis að taka undir með þeim og halda sína árlegu vortónleika í Hveragerðiskirkju sunnudaginn 5. maí nk. kl. 20:00. Lagaval er létt og skemmtilegt, vandað að venju, eftir íslenska og erlenda höfunda. Má þar nefna John Lennon og Paul McCartney, Sigfús Halldórsson, Braga Valdimar Skúlason og Gunnar Þórðarson. Þema

tónleikanna eru lög Gunnars Þórðarsonar. Fer vel á því, en gestir Söngsveitarinnar að þessu sinni eru hinir landskunnu tónlistamenn Gunnar Þórðarson og Magnús Kjartansson. Stjórnandi er Unnur Birna Björnsdóttir, undirleikarar; Magnús Kjartansson á píanó, Gunnar Þórðarson á gítar, Sigurgeir Skafli Flosason á bassa og Skúli Gíslason á trommur. Söngsveitin vonast til að sjá sem flesta og að eiga ánægjulega kvöldstund.



ALLT UM EDENBYGGÐ

HJÁ OKKUR



www.edenbyggd.is

Edenbyggð er nýtt hverfi sem er að byggjast upp í Hveragerði.

Íbúðirnar eru frá 62,7 fm – 79,9 fm.

Verð frá 28,9 millj.

Komdu við hjá okkur og fáðu nánari upplýsingar um EDENBYGGÐ.

Byr fasteignasala er opin frá kl. 9-16 alla virka daga.

**Við hlökkum
til að sjá þig!**



Elín Káradóttir
framkvæmdastjóri
s. 859 5885
elin@byrfasteign.is



Gunnar Biering
sölufulltrúi
s. 823 3300
gunnar@byrfasting.is



Sveinbjörn Halldórsson
löggildur fasteignasali
s. 892 2916
sveinbjorn@byrfasteign.is



**Halldór Freyr
Sveinbjörnsson**
löggildur fasteignasali
s. 693 2916
halldor@byrfasteign.is




Byr fasteignasala

Austurmörk 4, 810 Hveragerði | Sími 483 5800 | byr@byrfasteign.is

Íþróttir

Efni sendist á: selfoss@prentmet.is



Selfyssingar fögnuðu góðum sigri. Ljósmynd: Fótbolti.net/AHM.

Selfyssingar Lengjubikarmeistarar

KNATTSPYRNA Selfoss varð Lengjubikarmeistari eftir 4-0 sigur á Dalvík/Reyni í úrslitaleik B-deildar Lengjubikars karla sem fram fór á Akranesi sumardaginn fyrsta.

Tók kom Selfyssingum yfir á 26. mínútu og stuttu síðar var hann búinn að skora aftur úr vítaspyrnu. Í upphafi seinni hálfleiks skoraði Valdimar Jóhannsson með þrumufleyg og kom Selfossi í 3-0. Staðan mjög vænleg fyrir Selfyssinga og ekki versnaði hún

þegar norðanmaðurinn Kelvin Sarkorh fékk að líta rauða spjaldið fyrir olnbogaskot á 59. mínútu. Varamaðurinn Brynjólfur Þór Eypórsson skoraði fjórða mark Selfoss áður en leiknum lauk.

Lokatölur 4-0 fyrir Selfoss sem er sigurvegari í B-deild Lengjubikarsins. Selfyssingar hefja leik í 2. deild Íslandsmótsins á heimavelli gegn Vestra laugar- daginn 4. maí.

Selfyssingar í undanúrslit eftir dramatíska sigra

HANDBOLTI Selfoss er komið áfram í undanúrslit Íslandsmótsins eftir tvo dramatíska eins marks sigra á ÍR-ingum. Selfoss vann einvígið 2-0 og mætir Val í undanúrslitum og hefst rimma liðanna á Selfossi á þriðjudagskvöld.

Háspenna í Hleðsluhöllinni

Selfoss vann ÍR 27-26 í fyrri leik liðanna í fjórðungsúrslitum Íslandsmótsins í Hleðsluhöllinni laugardaginn 20. apríl.

Leikurinn var jafn framan af en Selfoss náði fjögurra marka forskoti undir lok fyrri hálfleiks, staðan í hálfleik var 15-13. Selfoss hafði frumkvæðið mestallan seinni hálfleik en þegar tvær mínútur voru eftir jafnaði ÍR 26-26 en eins og oft áður voru lokamínúturnar æsispennandi. Elvar Örn skoraði sigurmakið þegar um 40 sekúndur voru eftir af leiknum. ÍR-ingar höfðu tækifæri á að jafna og ná leiknum í fram- lengingu en lokaskot þeirra geig- aði og Selfoss fór með eins marks sigur af hólmi, 27-26.

Mörk Selfoss: Elvar Örn 9/3, Haukur 7, Alexander Egan 4, Nökkvi Dan 3, Hergeir 2, Árni Steinn og Atli Ævar 1. Varin skot: Sölvi 12 (32%).



Haukur var markahæstur úr rimmunni gegn Breiðhytlingum. Ljósmynd: Umf. Selfoss/JÁE.

áð 55. mínútu. Heimamenn kom- ust mest fimm mörkum yfir í fyrri hálfleik en góður kaflí Sel- fyssinga undir lok hans skilaði þeim inn í leikhlé aðeins tveimur mörkum undir, 18-16.

Selfoss jafnaði leikinn í upp- hafi síðari hálfleiks, 20-20, en aftur sigu ÍR-ingar fram úr. Það var ekki fyrr en á 55. mínútu að Selfoss jafnaði leikinn aftur og komst í kjölfarið á því tveimur mörkum yfir, 26-28.

Lokamínúturnar voru vægast sagt dramatískar þar sem Pawel Kiepuski varði þrjú af fjórum skotum sínum í leiknum á síðustu fjórum mínútum hans. ÍR hafði tækifæri til að jafna á lokasek- undunum en skot ÍR-inga yfir endilangan völlinn hafnaði í stönginni á yfirgefnu marki Sel-

fyssinga og eins marks sigur staðreynd.

Mörk Selfoss: Haukur 7, Her- geir 6/3, Árni Steinn 4, Elvar Örn 4/1, Nökkvi Dan, Atli Ævar og Guðni 2, Guðjón Baldur og Pawel 1. Varin skot: Pawel 4 (27%) og Sölvi 2 (10%).

Liðið er því komið áfram í undanúrslit Íslandsmótsins og mætir þar Val, eins og áður segir. Það verður hörkurimma og verður fyrsti leikurinn á heimavelli okkar, í Hleðsluhöllinni, í kvöld þriðjudaginn 30. apríl kl. 20:00. Því næst mætast liðin á Hlíðar- enda föstudaginn 3. maí kl. 19:30 og aftur í Hleðsluhöllinni á Sel- fossi mánudaginn 6. maí kl. 19:30.

Við hvetjum Selfyssinga til að fjölmenna á leikina og styðja strákana okkar til sigurs.

Biluð spenna í Breiðholti

Seinni leikur liðanna fór fram í Austurbergi í Breiðholti á annan dag páska. Selfoss byrjaði betur og komst 0-1 yfir, ÍR-ingar tóku síðan við og leiddu leikinn fram

1. flokkur Íslandsmeistari í hóp fimleikum

FIMLEIKAR Miðvikudaginn 17. apríl sl. fór fram Íslandsmót full- orðinna í hóp fimleikum. Fim- leikadeild Selfoss átti þar eitt lið, í 1. flokki. Stelpurnar áttu góðan dag að mestu. Smá hnókrar urðu á æfingunum þeirra en engu að síður náðu þær að landa Íslands- meistaratitli, eftir harða baráttu við Gerplu og Stjörnuna. Þær urðu einnig Íslandsmeistarar í tveimur einstökum áhöldum; dýnu og trampólíni. Þessi árangur er mjög aðdáunarverður þar sem keppni í 1. flokki hefur verið mjög hörð í vetur, en stelpurnar eru að keppa sinn fyrsta vetur í 1. flokki og eru því á yngsta ári. Virkilega góður árangur hjá þessu unga liði. Innilegar hamingjuóskir til þeirra og þjálfara þeirra.



Íslandsmeistarar Selfoss í 1. flokki ásamt þjálfurum sínum.



Alfred Elías Jóhannsson, þjálfari meistaraflokks, býður Kelsey Wys velkomna á Selfoss. Ljósmynd: Umf. Selfoss.

Markvörðurinn Kelsey Wys í Selfoss

KNATTSPYRNA Knattspyrnudeild Selfoss hefur samið við banda- ríska markvörðinn Kelsey Wys um að leika með liði félagsins í Pepsi Max deild kvenna í sumar.

Selfoss hafði áður framlengt samning markvarðarins Caitlyn Clem til tveggja ára en hún meiddist illa í sínum fyrsta leik í Lengjubikarnum í vetur og mun ekki leika knattspyrnu í sumar.

Wys er reyndur markvörður, 28 ára gömul, en hún kemur til Selfoss frá Washington Spirit í bandaríska atvinnumannadeild- inni. Hún var liðsfélagi Dagnýjar

Brynjarsdóttur hjá háskólaliði FSU áður en hún var valin átjándi á nýliðavali bandarísku atvinnumannadeildarinnar til Western New York Flash 2014.

Wys hefur verið á mála hjá Washington Spirit frá 2015 en 2016 var hún lánuð til Newcastle Jets í Ástralíu þar sem hún meiddist í þriðja leik. Hún sneri aftur inn á völlinn í æfinga- leikjum hjá Washington Spirit á síðasta ári. Wys hefur leikið með flestum yngri landsliðum Bandaríkjanna, síðast með U23 ára liðinu árið 2013.

2.deild karla

JÁVERK-völlurinn

UMF SELFLOSS 1936

Laugardaginn kl. 14:00

JAKO LINDEX Apótekarinn JÁVERK

Góð þátttaka í Grýlupottahlaupinu

FRJÁLSAR Þriðja Grýlupottahlaup ársins fór fram á Selfossvelli sl. laugardag. Sem fyrr tók fjöldi hlaupara á öllum aldri þátt í hlaupinu sem var hluti af dag- skrá bæjarhátíðarinnar Vor í Árborg. Úrslit úr hlaupinu má finna á vefsíðu Umf. Selfoss www.selfoss.net.

Fjórða hlaup ársins fer fram laugardaginn 4. maí. Skráning hefst kl. 10:00 í Tíbrá og er fólk hvatt til að mæta tímanlega til að forðast biðraðir. Allir velkomnir.



Ljósmynd úr safni Umf. Selfoss.

Fjöldi Sunnlendinga í landsliðinu í hestaíþróttum



Landsliðshópur LH.

HESTAIÞRÓTTIR Landssamband hestamannafélaga (LH) kynnti fyrir nokkru landsliðshóp LH í hestaíþróttum. Þetta er fyrsta skrefið í breyttum áherslum LH í afreksmálum. Hingað til hefur landslið Íslands á HM verið valið út frá svokölluðum lykli og úrtökumóti. Breytingin sem LH hefur gert á landsliðsmálum er að landsliðshópur LH verður virkur allt árið um kring og mun koma að ýmsum viðburðum, mótum og sýningum sem eru til þess fallnar að efla hestaíþróttina og styrkja liðið til árangurs.

Sigurbjörn Bárðarson á Oddhóli á Rangárvöllum, sem var liðsstjóri landsliðs Íslands verður nú titlaður landsliðshjálfi og í öðrum íþróttagreinum. Arnar Bjarki

Sigurðarson sem var liðsstjóri afreksfélags LH verður landsliðshjálfi U21 landsliðshóps LH.

Fyrsta stóra verkefni landsliðsins er Heimsmeistaramót í Berlín í byrjun ágúst. Valið á landsliðinu sjálfu, þ.e. þeir sem verða valdir til að fara á HM og keppa fyrir Íslands hönd, verður einnig með breyttu sniði. Miðað verður við árangur m.a. á World-Ranking mótum og Íslandsmóti, en ekki haldin sérstök úrtökumót eins og tíðkaðist áður.

Landsliðshópur LH skipa 23 afreksknar í fremstu röð í hestaíþróttum hérlendis og erlendis. Sunnlendingar eru í miklum meirihluta í hópnum, en af þeim 23 sem valdir voru búa og starfa 16 þeirra á Suðurlandi. Athygli

vekur að 12 þeirra búa í Rangárvallasýslu.

Sunnlendingar í landsliðshópnum eru: Aðalheiður Anna Guðjónsdóttir, Króki, Árni Björn Pálsson, Oddhóli, Ásmundur Emir Snorrason, Strandarhöfða, Guðmundur Björgvinsson, Efri-Rauðalæk, Hanna Rún Ingibergsdóttir, Kirkjubæ, Helga Una Björnsdóttir, Fákshólum, Hinrik Bragason, Árbakka, Hulda Gústafsdóttir, Árbakka, Jakob Svavar Sigurðsson, Fákshólum, Jóhanna Margrét Snorradóttir, Árbakka, Olíli Amble, Syðri-Gegnishólum, Sylvía Sigurbjörnsdóttir, Oddhóli, Teitur Árnason, Selfossi, Viðar Ingólfsson, Kviarhóli, Þórarinn Ragnarsson, Vesturkoti, Gústaf Ásgeir Hinriksson, Árbakka. eo

Vinnustaðakeppnin Hjólað í vinnuna

Nú stýttist í að vinnustaðakeppnin *Hjólað í vinnuna* hefjist í 17. sinn en að þessu sinni fer keppnin fram frá 8.–28. maí.

Meginmarkmið þessa almenningsíþróttaverkefnis ÍSÍ er eins og ávallt að vekja athygli á virkum ferðamáta sem heilsusamlegum, hagkvæmum og umhverfisvænum samgöngumáta.

Keppt er í átta flokkum um flesta þáttökudaga hlutfallslega miðað við heildarfjölda starfsmanna á vinnustöðum og í liðakeppni um flesta kílómetra.

Aðalatriðið er að fá sem flesta með sem oftast, til að hjóla, ganga, taka strætó, nota línuskauta eða annan virkan ferðamáta.

Í gegnum árin hefur myndast gríðarlega góð stemning á vinnustöðum meðan á átakinu stendur.

Nánar á vef Hjólað í vinnuna.



HSK-mótið í borðtennis á laugardag

HSK-mótið í borðtennis fer fram á Hvolsvelli laugardaginn 4. maí nk. Keppni hefst kl. 11:00 í flokkum 15 ára og yngri. Keppni hjá 16 ára og eldri hefst kl. 12:30. Keppt verður í flokkum frá 11 ára og yngri, 12 til 13 ára, 14 til 15 ára, 16 til 17 ára, 18 til 39 ára og 40 ára og eldri. Skráningar þurfa að berast á netfangið reynir.bjo@gmail.com fyrir kl. 20:00 þann 2. maí.

Meistaramót HSK í badminton

Meistaramót HSK í badminton verður haldið sunnudaginn 5. maí í Íþróttamiðstöðinni í Þorlákshöfn. Mótið sem hefst kl. 10 er fyrir alla, unga jafnt sem aldna. Keppt verður í flokkum U11 til 40+. Aðeins verður keppt í einliðaleik.

Stefnt er að því að leika mótið í riðlum og áskilur mótsstjórn sér rétt til að slá saman flokkum, ef þátttaka er lítil í einstökum flokkum. U11 ára leika eina lotu upp í 30 og ekki verður keppt til úrslita.

Skráningu lýkur 30. apríl. Skráningu skal skila á staðalformi BSÍ á netfangið karen_yr@hotmail.com. Skráningarformið má finna á heimasíðu BSÍ, www.badminton.is.

Ómar Vignir í heiðurshöll Selfoss

HANDBOLTI Ómar Vignir Helgason var tekinn inn í heiðurshöll Selfoss í hálfleik í leik Selfoss og ÍR laugardaginn 20. apríl. Til að komast í heiðurshöllina þarf að hafa leikið með félaginu í tíu ár. Hið alræmda varnartröll lék 221 leik á árunum 1999–2015 og skoraði í þeim 141 mark. Hann er næstleikjahæsti leikmaður liðsins frá upphafi.

Var honum þakkað framlag hans til liðsins í gegnum árin og skilti afhjúpað í Hleðsluhöllinni, honum til heiðurs. esó



Ómar Vignir ásamt börnum sínum við athöfnina og Þóri Haraldssyni formanni handknattleiksdeilda. Mynd: UMFS/HH.

ÚRSLITAKEPPNI KARLA
UNDANÚRSLIT:
Valur

1. LEIKUR SELFLOSS – VALUR
ÞRIÐJUDAGINN 30. APRÍL KL. 20:15
HLEDSLHÖLLINNÍ SELFLOSSI

2. LEIKUR VALUR – SELFLOSS
FÖSTUDAGINN 3. MAÍ KL. 19:30
ORIGOHÖLLINNÍ REYKJAVÍK

3. LEIKUR SELFLOSS – VALUR
MÁNUDAGINN 6. MAÍ KL. 19:30
HLEDSLHÖLLINNÍ SELFLOSSI



Vallaskóli

Virðing - þekking - lífsgleði

Komdu að vinna með okkur!

Vallaskóli - Sveitarfélaginu Árborg, lausar stöður fyrir skólaárið 2019–2020

- Umsjónarkennarar á yngsta stigi (1.–4. bekkur), miðstigi (5.–7. bekkur) og efsta stigi (8.–10. bekkur), 100% stöður.
- Forfallakennari, 100% staða.
- Kennari í leiklist, 60% staða.
- Tónmenntakennari á yngsta stigi, 46% staða.
- Umsjónarmaður fasteigna, 100% staða. Helstu verkefni: Almenn umsjon með húseignum skólans og innanstokksmunum skv. nánari starfslýsingu. Starfsreynsla og þekking á viðhaldsvinnu eða iðmenntun er æskileg.
- Deildarstjóri yngsta stigs, 100% staða. Helstu verkefni: Dagleg stjórnun og forysta á yngsta stigi (1.–4. bekkur), ásamt öðrum fjölbreyttum verkefnum í samstarfi við stjórnunarteymi skólans skv. nánari starfslýsingu. Grunnskólakennararéttindi eru áskilin. Menntun og reynsla í stjórnun er æskileg, ásamt skipulagshæfileikum og frumkvæði í starfi.

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingum með mikla hæfni í mannlegum samskiptum, góða íslenskukunnáttu og brennandi áhuga á grunnskólastarfi. Reynsla af teymisvinnu er mikilvægur eiginleiki.

Í Vallaskóla eru yfir 630 nemendur í 1.–10. bekk og yfir 100 starfsmenn, sjá www.vallaskoli.is.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum sendist Guðbjartu Ólasyni skólastjóra á netfangið guðbjartur@vallaskoli.is.

Umsóknarfrestur er til og með 12. maí 2019 og ráðið er í störf frá og með 1. ágúst 2019. Störf henta jafnt körlum sem konum. Launakjör fara eftir kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Í Sveitarfélaginu Árborg búa rúmlega 9.000 íbúar, þar af eru um 2.000 börn í fimm leikskólum og þremur grunnskólum. Í sveitarfélaginu er unnið að styrkingu heildstæðrar nærþjónustu við börn, foreldra og skóla. Lögð er áhersla á faglega forystu í anda lærdómssamfélagsins, snemmtæka iðlutun, samstarf skóla og stofnana um umbótastarf og þróun úrræða fyrir börn. Nánari upplýsingar um sveitarfélagið, fjölskyldusvið og Skólapjónustu Árborgar má finna á www.arborg.is.

FÉLAG UM FANGELSISMINJASAFN ÍSLANDS - Stofnfundur

Miðvikudaginn 8. maí kl. 20.00 verður haldinn stofnfundur í Húsinu á Eyrarbakka um Fangelsisminjasafn Íslands.

Allt áhugafólk um málefnið velkomið.

Undirbúningsnefndin



Munið leikhúsferðina

Takið eftir. Munið leikhúsferðina fimmtudaginn 2. maí á söngleikinn Matthildi. Lagt af stað frá Grænumörk kl. 17:30.

Leikhúsnefnd,
Erla og Svala



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Sumarafleysingar

Vantar fólk til afleysinga í eldhúsi HSU á Selfossi í sumar.

Nánari upplýsingar veitir Gunnar í síma 867 6688.

Guðmundur Tyrfingsson - GTs ehf
Grænt og góðir síðan 1969

Bifreiðastjórar óskast

Óskum eftir bílstjórum í hlutastörf, sumarstörf og framtíðarstörf í almennar hópferðir út frá Selfossi eða Reykjavík.

Hæfniskröfur:

- Rútuþróf
- Stundvísi
- Þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hreint sakavottorð
- Íslenskukunnátta skilyrði og enskukunnátta æskileg.

Umsóknir sendist á einar@gts.is

Guðmundur Tyrfingsson - GTs ehf er rótgróið ferðaþjónusta fyrirtæki sem var stofnað 1969. Við erum að leita að metnaðarfullu og hressu starfsfólki sem hefur áhuga á að vinna með okkur.

Einfaldaralífis ÞAKKLÆTI



Þegar gleðin tekur völd hefur þakklætið sig til flugs - og hjartað hlýnar segir í góðu spakmæli. Þakklæti er magnað fyrirbæri. Þakklæti er leynivopn sem hægt er að nota á tímum sorgar og gleði. Suma daga liður manni eins og það sé lítið sem hægt er að þakka fyrir en þegar betur er að gáð er ótrúlega margt sem við tökum sem sjálsagðan hlut en getum svo sannarlega þakkað fyrir. Þegar þakklæti fær meira pláss í hjarta manns þá fer maður að taka betur eftir stóru og smáu hlutum í kringum sig. Grasið verður grænna, loftið verður ferskara og litirnir verða skærari. Ég finn að það hefur mjög jákvæð áhrif á mig þegar ég skrifa niður eða segi upphátt hluti sem ég er þakklát fyrir. Í nokkuð langan tíma hef ég verið með stillta vekjaraklukku á símanum mínum sem hringir á hverjum degi klukkan 18:00. Heitið á þessum vekjara er þakklæti.



Fyrst um sinn var þetta til að minna mig á mikilvægi þess að þakka og horfa á hluti í kringum mig sem ég get verið þakklát fyrir. Ástæðan fyrir því að ég valdi þennan tíma er sú að þetta er tíminn rétt fyrir kvöldmat, þegar mikið er að gera. Börnin eru orðin svöng og allir eru orðnir þreyttir eftir daginn. Mér fannst gott að beina huga mínum að því að vera þakklát á þessum stundum. Þegar á leið fór ég að virkja fjölskylduna mína með í þessa æfingu. Á ferðalaginu okkar til Ástralíu og Balí hringdi vekjarinn daglega klukkan 18:00 og voru börnin farin að vita að þegar klukkan hringdi var hún 18 og allir sögðu upphátt eitthvað sem þau voru þakklát fyrir. Þetta hafði góð áhrif og var mjög jákvætt innlegg inn í daginn. Það er mér mjög minnisstætt þegar við höfðum verið föst í umferðarteppu á Balí í 2 tíma að klukkan hringir og við för-

um öll hringinn til að segja það sem við vorum þakklát fyrir. Þetta hafði mjög jákvæð áhrif á andrúmsloftið sem var heitt, sveitt og mjög þreytt.

Ég hef ferðast víða og það hefur vakið athygli mína hversu oft fólk sem á mjög lítið er glaðlynt og þakklát. Það er þakklát fyrir lífið. Það er þakklát fyrir hvern dag og hverja stund. Munurinn á því að vera þakklátur og vanþakklátur getur verið eins og munurinn er á góðu og slæmu. Ég finn það að sjálfri mér að þegar ég tileinka mér þakklæti þá verður lífið innihaldsríkara og hjartað hlýnar eins og segir í spakmælinu.

Ég hvet þig til þess að stilla vekjaraklukkuna þína í dag og minna þig á að vera þakklát/ur á hverjum einasta degi. Það er svo margt að þakka fyrir. Það er svo margt sem við tökum sem sjálsagðan hlut.

Þegar gleðin tekur völd hefur þakklætið sig til flugs - og hjartað hlýnar.

Kærleikskveðja,
Gunnar Stella,
IIN Heilsumarkþjálfari

Inghóls endurfundaball í Hvíta húsinu

Laugardaginn 4. maí nk. verður hið árlega Inghóls endurfundaball eða „Inghóls Reunion“ haldið í Hvíta húsinu á Selfossi. Ballið er tileinkað öllum þeim sem voru upp á sitt besta á árunum 1985 til 2001 á Selfossi. Á sviðinu að þessu sinni verður heldur betur veisla en fjórir af heitustu plötusnúðum þess tíma mæta á svæðið. Þar erum við að tala um þá TJ the DJ (Þórir Jóhann), DJ Marvin (Einar Bárðar), DJ Pripps (Fribbi Gunn) og DJ Búna (Björn Daði). Fyrir um kvöldið verður Reunion hjá 75 árganginum. Aldurstakmark er að venju 30 ár. Mælt er með því að Inghóls-kynslóðin láti ekki þetta einstaka tækifæri renna sér úr greipum og taki daginn frá.



Góð stemning í Inghóli í „den“.

Minningarsjóður Jennýjar Lilju gaf Björgunarsveitinni þrjú loftdýnusett

Föstudaginn 26. apríl sl. afhenti Minningarsjóður Jennýjar Lilju Björgunarsveitinni Kyndli á Kirkjubæjarklaustri þrjú loftdýnusett (grjónadýnur) sem auðvelda sveitinni störf á vettvangi slysa. Eftir hörmulegt slys við Núpsvötn þann 27. desember sl. birtist viðtal við einn liðsmann sveitarinnar. Þar kom fram að björgunarsveitir á svæðinu vantaði betri búnað til að bregðast

við alvarlegum slysum sem þessu. Minningarsjóður Jennýjar Lilju svaraði ákalli sveitarinnar og gefa loftdýnusettin sem eru frá Germa AB. Dýnurnar eru hannaðar til að tryggja hámarks stöðugleika á ferð fyrir slasaða sjúklinga. Eitt af markmiðum Minningarsjóðs Jennýjar Lilju er að styrkja viðbragðsað-

ila við tækja- og búnaðarkaup. Helsta fjárfestun minningarsjóðsins er áheitasöfnun í Reykjavíkumaráðuneyti Íslandsbanka. Nú í ár hleypur hópur fólks fyrir sjóðinn og safnar áheitu.



Loftdýna eins og minningarsjóðurinn gaf björgunarsveitinni.

Fundarboð

Aðalfundur Slysavarnadeildarinnar
Tryggva verður haldinn þriðjudaginn
30. apríl næstkomandi í Tryggvabúð
á Selfossi kl. 20:00.

Venjuleg aðalfundarstörf.

Allir velkomnir, Stjórnin.

Grunnskólakennarar í Þjórsárskóla

2 lausar stöður kennara í Þjórsárskóla, 100% og 80%.

Umsjónarkennsla á miðstigi. Kennslugreinar eru stærðfræði,
náttúrufræði, samfélagsfræði, myndmennt, danska, enska og
íþróttir í 1.-7. bekk (ekki sund).

Þjórsárskóli er grunnskóli fyrir 1.-7. bekk. Nem-
endur eru tæplega 50. Þeim er kennt í fjórum
kennsluhópum. Í Þjórsárskóla er lögð áhersla á
sjálfbærni, nýsköpun, útikennslu og umhverfið. Við
leggjum áherslu á að nýta það efni sem við fáum
úr Þjórsárdalsskógi og að gefa gömlum hlutum
nýtt líf. Yfirmarkmið skólans er að skila landinu
til komandi kynslóða í betra ástandi en við tókum
við því.

Vefslóð: www.thjorsarskoli.is.



Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi búa um 630 manns.
Þéttbýliskjarnar eru við Árnes og á Brautarholti. Í
hreppnum eru náttúruperlur á borð við Þjórsárdal.
Þjórsárskóli er í tæplega 100 km fjarlægð frá höf-
uðborgarsvæðinu.

Umsóknarfrestur til 6. maí 2019.

Nánari upplýsingar veitir Bolette Höeg Koch,
skólastjóri, í síma 895 9660 eða á netfanginu
bolette@thjorsarskoli.is.



ATVINNA Í BOÐI í Þorlákshöfn

Starfskraftur óskast til starfa
með réttindi á lyftara.

Upplýsingar í síma 483 3548 eða í
netfangi sigrun@hafnarnesver.is



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Kennarastöður 2019 - 2020

Barnaskólinn á Eyrarbakka og
Stokkseyri auglýsir eftir kennurum
frá og með 1. ágúst 2019.

Í Barnaskólanum eru 140 nemendur í 1. – 10. bekk og kennt er í
tveimur starfsstöðvum. Á Stokkseyri eru nemendur í 1. – 6. bekk
og á Eyrarbakka eru nemendur í 7.–10. bekk. Skapandi greinar
fá mikið vægi í skólastarfinu, gott samstarf er við leikskólana og
áhersla er lögð á góða samvinnu við heimilin.

Kennarastöður

- Textílkennari
- Íþróttakennari
- Umsjónarkennarar

Menntun og færni kröfur:

- Grunnskólakennararéttindi áskilin
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar
- Frumkvæði í starfi
- Áhugi fyrir teymiskennslu

Frekari upplýsingar veitir Magnús J. Magnússon, skólastjóri, símar
480 3200 og 893 2136. Netfang: magnus@barnaskolinn.is og
áhugasamir geta sent skriflegar umsóknir ásamt starfsferilskrá á
það netfang og/eða í pósti merktum Barnaskólanum á Eyrarbakka
og Stokkseyri v/kennaraumsókna, 825 Stokkseyri. Umsóknar-
frestur er til og með 12. maí 2019

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launaneðndar
sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Starfið hentar jafnt
konum sem körlum. Allar nánari upplýsingar um skólastarf BES
er hægt að nálgast á heimasíðu skólans www.barnaskolinn.is og
sveitarfélagsins www.arborg.is.

Léttum þér lífið
dagar



VERTU Í HÓPI ÁNÆGDRA VIÐSKIPTAVINA

Dagar þjónusta fyrirtæki með reglulegar ræstingar, hreingerningar, viðhald gólfa og annað sem
þarf til að viðhalda húsnæði. Okkar 800 manna hópur leysir frá degi til dags fjölbreytt verkefni
á 20 stöðum á landinu. Dagar búa að áratuga reynslu sprottinni úr alþjóðlegu samstarfi sem hefur
fært okkur vel mótað verklag og stranga staðla. Þar haldast skipulag og sveigjangleiki hönd í hönd,
þótt sólarhringurinn sé alltaf 24 klukkustundir eru engir tveir dagar eins.

Við hlökkum til að léttu þér lífið með bros á vör

Hafðu samband við Krístrunu í síma 693 4934 eða kristrun@dagar.is
eða Helgu Flosa í síma 854 1610 eða helga@dagar.is

Harmonikufélag Rangæinga og Harmonikufélag Selfoss auglýsa

Harmonikutónleikar:

Skyrgerðinni, Hveragerði 4. maí kl. 14.
Hvoli á Hvolsvelli 5. maí kl. 14.
Hvoli á Hvolsvelli 31. maí kl. 20:30.
Útihátíð á Borg í Grímsnesi 7. - 9. júní,
dansleikir föstudags- og laugardagskvöld.

Athugið að þessa auglýsingu er gott að geyma á ísskáp.



Íbúafundir í Bláskógabyggð



Lagning ljósleiðara í Bláskógabyggð

Fyrirhugað er að hefja lagningu ljósleiðara í Bláskógabyggð á þessu ári.

Kynningarfundur vegna verkefnisins verður haldinn mánudaginn 6. maí nk. kl. 20 í Aratungu, Reykholti.

Deiliskipulag Laugarvatns

Unnið er að endurskoðun gildandi deiliskipulags þéttbýlisins á Laugarvatni, þar sem m.a. er lögð áhersla á skipulag þess landsvæðis sem sveitarfélagið eignaðist í skiptum við ríkið. Íbúar eru hvattir til að mæta og hafa áhrif á framtíðarskipulag. Íbúafundurinn verður haldinn þriðjudaginn 7. maí kl. 16 í Bláskógaskóla, Laugarvatni.

Bláskógabyggð



Börn og umhverfi

Rauði krossinn í Árnæssýslu heldur námskeiðið *Börn og umhverfi*, fyrir einstaklinga á aldrinum 11-15 ára.

Farið er í ýmsa þætti er varða umgengni og framkomu við börn. Rætt er um árangursrík samskipti, leiðtogaþæfni, agastjórnun, umönnun og hollar lífsvenjur, leiki og leikföng.

Lögd er áhersla á umfjöllun um slysavarnir og algengar slysaðettur í umhverfinu ásamt ítarlegri kennslu í skyndihjálp.

Leiðbeinendur á námskeiðinu eru:

Lisbet Nilsdóttir leikskólakennari og Anna Margrét Magnúsdóttir hjúkrunarfræðingur og skyndihjálparleiðbeinandi.

Námskeiðin 2019 verða haldin:

6. maí - 9. maí kl. 16:00 til 20:00 ca. að Eyravegi 23 á Selfossi.

Námskeiðsgjald er kr. 6000.- sem er undir kostnaðarverði en deildin styrkir verkefnið með framlagi. Innifalið er nemendahandbók. Gjaldið greiðist í fyrsta tíma. Hámarksfjöldi þátttakanda eru 20 á hvort námskeiði. **Vinsamlega skráið ykkur því tímanlega.**

Nánari upplýsingar og skráning í síma 482 4445 og 892 1743, og á heimasíðu, [raudikrossinn.is](http://skraning.raudikrossinn.is).

<http://skraning.raudikrossinn.is/namskeid?CourseId=a0N0J00000MRkdA>

Páskafjör fjölskyldunnar í Rangárþingi eystra



Það var góð stemning í Rangárþingi eystra um páskana en boðið var upp á viðburði undir nafninu Páskafjör fjölskyldunnar. Um 3.500 manns mættu á svæðið á laugardegnum og góð þátttaka var einnig í viðburðum dagana á undan. LAVA og Midgard Base Camp voru þungamiðjan í hátíðarhöldunum, og héldu starfsmenn þeirra að miklu leyti utan um viðburðinn, en fjöldi annarra fyrirtækja á svæðinu tóku þátt í

fjörunu og gátu flestir fundið eitthvað við sitt hæfi. Til dæmis var boðið upp á hressandi göngur, Midgard leiddi göngu á Þríhyrning og Margrét Guðjónsdóttir sagði gestum skemmtilegar sögur á göngu um Hvolsvöll. Hápunktur hátíðarinnar, að minnsta kosti fyrir yngri kynslóðina var svo páskaeggjaleit hjá LAVA þar sem bæði páskaegg og stærri vinningar voru í boði fyrir þátttakendur. Veitingastaðir voru með góð tilboð þannig að enginn

þurfti að fara svangur heim og að sjálfsögðu hægt að gæða sér á páskaís í Valdísi. Fjölmargir skelltu sér svo í fjörukt dansandi bingó í Midgard og skemmtu sér vel. Rangárþing eystra bauð frítt í sund á laugardegnum enda fátt betra en að skella sér í sundlauginu á svona góðum degi. Páskafjör fjölskyldunnar er sannarlega komið til að vera og hlökkum við í Rangárþingi eystra til að taka á móti gestum um páskahelgina 2020.

Aðalsafnaðarfundur Hrunasóknar skorar á Vegagerðina



Marta Esther Hjaltadóttir, sóknarnefndarformaður

Á nýafstöðnum aðalsafnaðarfundu Hrunasóknar var m.a. rætt um ástand vegarins heim að Hruna og í framhaldinu var eftirfarandi áskorun um vegabætur samþykkt:

„Aðalsafnaðarfundur Hrunasóknar haldinn í safnaðarheimili Hrunakirkju mánudagsvöldið 15. apríl 2019 skorar á Vegagerðina að hlutast til um það að malarvegurinn frá Flúðum að kirkjustaðnum Hruna í Hrunamannahreppi verði lagður bundnu slitlagi hið fyrsta.

Hrunastaður er sögufrægur og hefur umferð ferðamanna að honum aukist mjög á undanförunum árum. Þar að auki er Hrunakirkja sóknarkirkja stórs hluta Hrunamannahrepps þ.m.t. Flúðahverfis og er það algerlega óásættanlegt að vegurinn að þessum merka stað sé illkeyranlegur allan ársins hring vegna djúpra hola, ryks og drullu, allt eftir veðráttu. Heflun og rykbinding er skammgóður vermir.

Heimafólk er orðið langþreytt á ástandinu og óskar úrbóta.“

Samþykkt var að senda þessa áskorun sem viðast.

Fjölbreytt starf í sókninni

Annars er starfið í kirkjum og hjá söfnuði Hrunasóknar með svipuðu sniði frá ári til árs. Auk tilfallandi útfara og brúðkaupa eru hefðbundnar messur, fjölskyldumessur, dægurlagamessur, hátíðarmessur, fermingamessur, ungmennamessa, uppskerumessa og aðventukvöld. Sjaldnast fara skírnir fram í þessum athöfnum, þó kirkjan sé oft nýtt til skírnarathafna. Fjölbreytt og skemmtilegt starf sem er skipulagt af sóknarpresti og organista í samstarfi við sóknarnefnd. Þeir sr. Óskar og Stefán lita starfið af gleði og það smitar svo sannarlega út frá sér.

Öflugur kirkjukór

Ósjaldan er boðið uppá einhvers konar veitingar í safnaðarheimilinu eftir athafnir og ber þar hæst morgunkaffi á páskadag og pylsugrillun eftir uppskerumessuna. Stórnin hefur einn launaðan starfsmann í samvinnu við Hrepphólasókn, organistann Stefán Þorleifsson. Allt annað er unnið í sjálfbodavinnu og er ómetanlegt. Kirkjukórinn er stór, sameiginlegur með Hrepphólasókn, æfir einu sinni í viku og syngur í athöfnum þvert á sóknarmörk. Þetta er öflugur og góður félagskapur sem gerir ýmislegt saman sér til skemmtunar.

Gott samstarf á milli sókna

Samstarf sóknanna fjögurra sem mynda Hrunaprestakall er gott. Sóknarnefndirnar hittast tvisvar á ári með organistum og sóknar-

presti, sem heldur utan um að fundir séu haldnir, til skrafs, ráðagerða og kökuáts. Mjög góðar stundir og alveg nauðsynlegt að hittast, kynnast betur og ráða ráðum sínum. Þess ber að geta að fermingarfræðslan fer sameiginlega fram í safnaðarheimili Hrunakirkju og hefur gert í mörg ár. Nokkuð er um það að íbúar prestakallsins sækja messur í aðrar kirkjur innan prestakallsins en sína sóknarkirkju, það mætti þó gjarnan vera meira og þá sérstaklega í fjölskyldumessurnar.

Ekki áhugi á sameiningu prestakalla

Það er ósk okkar í Hrunasókn, vegna nýlegra hugmynda um frekari sameiningar prestakalla, að ekki verði farið að hrófla við þessu starfi sem gengur vel. Við teljum ekki þörf á breytingum sem alls ekki er víst að verði kirkjustarfinu hjá okkur til góðs. Við vitum hvað við höfum en vitum ekki hvað við fáum. Hvaða hagræði og hagkvæmni eiga að nást við stærra prestakall hér er að okkar mati mög óljóst. Þá höfum við ekki heyrt nein rök sem benda til þess að þjónusta kirkjunnar á okkar svæði muni eflast með sameiningu. Nágranna-prestarnir leysa hvor annan af í fríum í núverandi skipulagi, fyrir kemur að okkar prestur sinni einhverjum athöfnum utan okkar sókna og eins koma aðrir prestar og sinna athöfnum innan Hrunaprestakalls ef sóknarbörn óska eftir því. Um þetta skipulag er góð sátt. Á meðan hlutirnir ganga vel af hverju mega þeir þá ekki vera eins og þeir eru?

*F.h. Hrunasóknar,
Marta Esther Hjaltadóttir,
sóknarnefndarformaður.*

Eitt stærsta fasteignapróunarverkefni á landinu að hefjast í Ölfusi



Grétar Ingi Erlendsson, Þorlákur Ómar Einarsson, Elliði Vignisson, Gísli Steinar Gíslason og Jón Helgi Sen Erlendsson. Mynd: Hafnarfréttir.is.

Fyrir skömmu undirrituðu þeir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Ölfusi, og Gísli Steinar Gíslason, fyrir hönd Hamrakórs ehf., samkomulag um fasteignapróun í sveitarfélaginu Ölfusi. Um er að ræða stærsta fasteignapróunarverkefni á Suðurlandi í dag og eitt hið stærsta á landinu öllu. Heildarfélagfesting á svæðinu hleypur a.m.k. á annan tug milljarða.

Með samkomulaginu sem gildir til 10 ára hyggjast Sveitarfélagið Ölfus og Hamrakór ehf. ráðast í samstarf um skipulag á allt að 12 hektara svæði, auk gatnagerðar og annars sem til þarf til að hægt verði að ráðast í framkvæmdir þannig að á svæðinu risi eftirsóknarverð, hagkvæm og aðlaðandi byggð sem styrki Ölfus í sessi sem eftirsóknarverðan búsetukost.

Svæðið sem liggur miðsvæðis í Þorlákshöfn er í nágrenni við íþróttamannvirki, leik- og útivistarsvæði, grunnskóla, leikskóla, bóksafn o.fl. Sérstök

áhersla verður lögð á að þar risi hagkvæm og umhverfisvæn byggð sem mætir þörfum einstaklinga og fjölskyldna sem vilja nýta kosti höfuðborgarsvæðisins samhliða þeim gæðum sem fylgja því að búa í nánú samfélagi með mikla þjónustu. Þar verður hægt að byggja allt að fjögur til fimmhundruð íbúðir allt eftir því hvað markaðurinn kallar eftir.

Gangi áætlanir eftir verður hægt að hefja markvissan undirbúning núna á vordögum og verklegar framkvæmdir í beinu framhaldi.

Sterkir innviðir og óviðjafnanleg aðstaða

„Ölfus er í okkar huga eitt af mest lofandi vaxtarsvæðum á höfuðborgarsvæðinu. Þar fer saman mjög sterkir innviðir sem stáar af óviðjafnanlegri íþróttadöð, frábærum skólum, ríkri menningarhefð og traustum bæjaranda. Eftir að hafa ráðist í framkvæmdir á Edenreitnum

í Hveragerði vitum við sem er að þessi svæði búa yfir öllum kostum þess að vera úthverfi Reykjavíkur án þess að missa þá ótvíræðu kosti sem fylgja því að búa í litlu og nánú samfélagi þar sem allir þekkja alla og standa saman þegar þörf er á. Hjá okkur er því mikil vænting hvað þetta verkefni varðar,“ segir Gísli Steinar hjá Hamrakór ehf.

Ómæld tækifæri á mörgum sviðum

„Hér í Ölfusi eigum við ómæld tækifæri á mörgum sviðum og erum óhrædd við að nýta þau. Í viðbót við þau vaxtartækifæri sem við eigum í þróun atvinnutækifæra tengd höfninni, orkunni, vatninu og landgæðum þá verður ekki hjá því horft að búsetulega erum við í raun úthverfi Reykjavíkur. Það tekur ekki nema rétt liðlega 30 mínútur að aka á milli Reykjavíkur og Þorlákshafnar og því auðvelt fyrir fólk að njóta samhliða þeirra kosta sem fylgja höfuðborginni og þeirra miklu búsetugæða sem hjá okkur eru. Samkomulagið við Hamrakór er mikilvægt skref fyrir okkur hvað áframhaldandi vöxt varðar. Þessir aðilar hafa sýnt að þeir eru meðal þeirra fremstu á landinu þegar kemur að fasteignapróun. Trú þeirra á tækifærin hjá okkur eru ekki hvað síst viðurkenning á því sem við viljum standa fyrir, sem sagt tækifæri til vaxtar. Hamingjan er hér, og við viljum gera sem flestum mögulegt að njóta hennar,“ segir Elliði, bæjarstjóri Ölfuss.

Vortónleikar Jórúkörsins



Vortónleikar Jórúkörsins þetta árið verða með aðeins óhefðbundnu sniði þ.e. þematónleikar þar sem kórin mun syngja lög úr velþekktum Disney-myndum. Í ár verða tónleikarnir haldnir í Félagslundi í Flóahreppi og eru þeir fyrri föstudagskvöldið 3. maí klukkan 20:00 og þeir síðari daginn eftir, laugardaginn 4. maí klukkan 15:00. Börn og unglingar eru boðin sérstaklega velkomin á þá tónleika. Gísli Jóhann Grétarsson stjórnar kórnum og um undirleik sjá Hörður Alexander Eggertsson á píanó, Sigurgeir

Skafti Flosason á bassa, Skúli Gíslason á trommur og meðlimir úr strengjasveit Tónlistarskóla Árnesinga.

Á þessum vortónleikum fá kórkonur að syngja mörg af sínum uppáhaldslögum úr teiknimyndum Disneys, en þau eru eftir ýmsa höfunda og má þar nefna fræga poppara eins og Elton John og Phil Collins. Mörg þessara laga eru löngu orðin sígild, hver kannast ekki við Hakuna Matata úr Lion King, eða Let it go úr Frozen. Lögirn eru ýmist sungin á ensku eða íslensku en öll eru þau í út-

setningu Gísla Jóhanns Grétarssonar stjórnanda Jórúkörsins. Það er gaman hve margar kórkonur fá að spreyta sig í einsöng og kvartett á vortónleikunum og bregða sér í hlutverk sígildra teiknimyndahetja.

Líkt og undanfarin ár gefur kórin út efnisskrá tónleikanna og dreifir í hús á Selfossi og nágrenni. Þar má einnig sjá Jórufréttir, þar sem stiklað er á stóru í starfi kórsins á liðnum vetri. Við þökkum þeim fjölmörgu styrktaraðilum sem gera okkur þetta kleift, með birtingu auglýsinga. Ennfremur þökkum við Tónlistarskóla Árnesinga fyrir afnot af húsnæði og Fimleikadeild UMFS fyrir ýmsa skemmtilega leikmuni á tónleikunum.

Á tónleikunum verður hægt að kaupa kaffi, safe, kólkómjól og popp og verður verið stílt í hóf þar líka. Við vonumst til að sjá ykkur sem allra, allra flest og að þið njótið tónlistarinnar með okkur.

Með sumarkveðju frá Jórúkórnum.



Ungbarnasund byrjendanámskeið

Byrjendanámskeið (ca 2-7 mánaða) hefst 4. maí. Skráning á guggahb@simnet.is. eða s. 848 1626. Guðbjörg H. Bjarnadóttir, íþróttakennari.

82% Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku



*Samkvæmt skoðanakönnun Gallups á tímabilinu okt. - des. 2018.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sími 482 1944 | auglysingar@dfs.is

Aðalfundur Framsóknarfélags Árborgar



Aðalfundur Framsóknarfélags Árborgar verður haldinn þriðjudaginn 7. maí kl. 20:00 í Framsóknarhúsinu að Eyravegi 15.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Framsóknarfélag Árborgar

Aðalfundur Hrossaræktarsamtaka Suðurlands



Aðalfundur Hrossaræktarsamtaka Suðurlands verður haldinn í Hlíðskjálfi, félagsheimili Hmf. Sleipnis á Selfossi fimmtudaginn 9. maí nk. kl. 20:00.

Dagskrá aðalfundar er eftirfarandi:

1. Kosnir fastir starfsmenn fundarins
2. Skýrsla stjórnar
3. Framlagðir endurskoðaðir reikningar fyrir síðastliðið ár.
4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga og afgreiðsla reikninga.
5. Kosning stjórnar og varastjórnar
6. Kosning tveggja endurskoðenda og varaendurskoðenda
7. Önnur mál.
8. Fundargerð borin upp til samþykktar

Aðalfundurinn getur með 2/3 greiddra atkvæða viðstaddra leyft að taka fyrir mál, sem komið er fram, eftir að dagskrá fundarins var auglýst.

»DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
s. 482 1944 - dfs@dfs.is



HOTEL SOUTH COAST
Selfoss Iceland

Hotel South Coast er nýtt 4 stjörnu hótél í hjarta Selfoss. Hótelíð opnar 1. júní og leitum við því eftir framúrskarandi fólki með jákvætt lífsviðhorf í fullt starf/hlutastarf í eftirfarandi stöður.

NÆTURVÖRÐUR Í GESTAMÓTTÖKU

Unnið er í 7 daga og frí í 7 daga

Helstu verkefni eru:

- Móttaka gesta
- Símavarsla og bókanir
- Framsetning á morgunverði
- Góð tölvukunnátta
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur:

- Reynsla af störfum í gestamóttöku
- Mikil þjónustulund og lipurð í samskiptum
- Góð enskukunnátta (þriðja tungumál er kostur)
- Stundvísi og sveigjanleiki í starfi
- Eiga auðvelt með að vinna undir álagi og takast á við óvæntar upptakomur

GESTAMÓTTAKA

Unnið er 2-2-3 vöktum

Helstu verkefni eru:

- Skrá gesti inn og út af hótelinu
- Góð tölvukunnátta
- Reikningagerð og meðhöndlun á greiðslum
- Uppgjör og vaktaskýrslur
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:

- Reynsla af störfum í gestamóttöku
- Mikil þjónustulund og lipurð í samskiptum
- Góð enskukunnátta (þriðja tungumál er kostur)
- Stundvísi og sveigjanleiki í starfi

ÞRIF/ÞVOTTAHÚS

Helstu verkefni:

- Herbergjaprif og þrif í opnum rýmum
- Vinna í þvottahúsi

Hæfniskröfur:

- Reynsla af þrifum
- Gott vald á ensku
- Snyrtimennska og stundvísi
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Nánari upplýsingar veitir Davíð Kjartansson, hótélstjóri Hotel South Coast, david@hotelsouthcoast.is eða í síma 777 5775.

Umsóknarfrestur er til 10. maí. Umsóknum skal skilað á netfangið david@hotelsouthcoast.is. Þeim skal fylgja ítarleg ferilskrá með mynd.

Kvenfélagskonur gáfu samtals 22 milljónir króna til samfélagsmála í Árnes- og Rangárvallasýslu árið 2018

Gjafir til heilbrigðis-, mennta-, öldrunar- og menningarstofnana í héraði

Þann 13. apríl sl. var 91. Ársfundur Sambands sunn-lenskra kvenna haldinn að Brautarholti í Skeiða- og Gnúp-verjahreppi í umsjón KvF. Skeiðahrepps. Fundurinn var vel sóttur af kvenfélagskonum úr Árnes- og Rangárvallasýslu. Fundardagurinn hófst með helgistund í Ólafsvallakirkju, sem séra Óskar Hafsteinn Óskarsson annaðist. Að henni lokinni var haldið að Brautarholti og gengið til hefðbundinna aðalfundarstarfa.

Í upphafi fundar minntist Elinborg Sigurðardóttir Helgu Haraldsdóttur, varastjórnarkonu í SSK, sem lést í hörmulegu bílslysi í maí á síðasta ári. Kveikt var á kerti í minningu hennar og annarra mætra kvenfélagskvenna sem létust á liðnu ári.

Í ársskýrslu formanns, Elinborgar Sigurðardóttur, kom fram að starfsemi SSK hafi borið með sér andblæ 90 ára afmælis sambandsins. Eftir var til Hollandsferðar til móts við félagsskap sem kallar sig Nútímakonur og hafa tvisvar heimsótt SSK. Um 50 kvenfélagskonur tóku þátt í ferðinni, sem var einstaklega vel heppnuð. Á stofndegi SSK, 30. september, var efnt til afmælisfagnaðar í Haukadalsskógi og að Hótel Geysi. Á annað hundrað konur fögnuðu þessum tímamótum saman. Fjölmennnt Landsþing Kvenfélagsambands Íslands var haldið á Húsavík í október og sóttu rúmlega 20 konur innan SSK þingið en alls voru þar saman komnar um 200 konur alls staðar að af landinu. Á 90 ára afmælisárinu sýndi Dagskráin kvenfélögum þá velvild að taka reglulega til birtingar fréttir frá kvenfélögum. Mörg félög tóku þátt í þessu verkefni sem ætlað var að auka sýnileika kvenfélaganna og vekja athygli á því góða starfi sem þau standa fyrir.

Veglegt Ársrit SSK, sem gefið er út á hverju ári og dreift til



Sigrún Ásgeirsdóttir, kvenfélagskona ársins 2018 og Elinborg Sigurðardóttir formaður SSK.

allra kvenfélagskvenna innan SSK, hefur að geyma frásagnir af starfsemi kvenfélaganna innan SSK, ásamt upplýsingum um rekstur sambandsins og fjölbreytt efni bæði til fróðleiks og skemmtunar.

Á ársfundinum stýrði Ingrid Kuhlman markþjálfari hópavinnu þar sem gildi kvenfélaganna voru skilgreind. Unnið var í tíu hópum með hugtökin samvinna, virðing og kærleikur. Virk þátttaka var í hópunum og mörg góð slagorð og greiningar kynntar, bæði í bundnu og óbundnu máli.

Nú eru 25 kvenfélög innan SSK með samtals 923 félagskonur. Tekið hefur verið upp nýtt rafrænt skýrsluform hjá KÍ, sem reyndist mjög vel við skil ársskýrslna. Sjálfböðin vinna kvenfélagskvenna við fjáraflanir og önnur samfélagsverkefni er varlega áætluð um 15.000 klukkustundir á sl. ári eða 1870 dagsverk. Kvenfélögin gáfu á liðnu ári um 22 milljónir til verkefna á sviði heilbrigðis-, öldrunar-, menningar- og menntamála

á sínum félagssvæðum.

Sjúkrahússjóður SSK afhenti Fæðingadeild HSU þrjú tæki á liðnu ári; sírita (monitor) glaðloftstæki og POX hjartsláttarrita. Verðmæti þessara tækja er um 3,4 milljónir króna og er afrakstur af sölu kvenfélaganna innan SSK á kærleiksglum og kortum. Á ársfundinum var samþykkt að gefa til HSU allt að sjö lífsmarkamæla á þessu ári.

Á fundinum var tilkynnt um val á Kvenfélagskonu ársins 2018. Stjórnir kvenfélaganna velja konur úr sínum félögum til þessarar viðurkenningar. Elinborg Sigurðardóttir lýsti valinu og fór yfir glæsilegan feril Sigrúnar Ásgeirsdóttur sem félagskonu í Kvenfélagi Selfoss. Sigrún hlaut þessa viðurkenningu og fékk innrammað heiðurskjal því til staðfestingar ásamt áletr-uðu kökukefli, sem er farandgripur.

Starf kvenfélaganna er öflugt og þau eru mikilvæg stöð samfélagsins. Kvenfélagskonur leggja mikið af mörkum með sjálfböðnu starfi til að svo megi verða. Það er gefandi að styðja við góð og uppbyggileg mál í þágu samfélagsins.

Að fundi loknum var fundarkonum boðið í heimsókn að Gunnbjarnarholti þar sem hjónin Berglind Bjarnadóttir og Arnar Bjarni Eiríksson reka fyrirtækið Landstólpa og stórbú. Berglind tók á móti hópnum og bauð upp á veitingar. Hún sagði frá þróun, uppbyggingu og starfsemi fyrirtækis þeirra allt frá því að þau hófu sveitabúskap með nokkrar kýr. Sannarlega glæsilegt fyrirtæki og rekstur.

Sveitasstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps bauð að lokum upp á veislukvöldverð, þar sem Björgvin Skafti Bjarnason oddviti ávarpaði samkomuna og ung stúlka lék listavel á píanó.

Stjórn SSK



Ingrid Kuhlman stýrir hópavinnu á ársþingi SSK.

Kvenfélagið á Eyrarbakka býður til kaffisamsætis á 1. maí

Eins og mörg undanfarin ár verður Kvenfélagið á Eyrarbakka með sína sívinsælu kaffisölu á Stað á Eyrarbakka þann 1. maí nk. Kaffisalan er ein af föstum fjárfunarleiðum félagsins. „Samfélagið hefur alltaf staðið þétt við bakið á þessari venju og við kvenfélagskonur þökkum kærlega fyrir góðan stuðning í gegnum árin, segir María Gestsdóttir hjá Kvenfélaginu á Eyrarbakka. „Kaffisalan hefst kl. 15 og verður opin til 17. Allur ágóði rennur svo óskiptur til líknarmála í samfélaginu okkar. Það eru allir velkomnir að njóta veitinganna og styrkja starfið. Við erum með posa á staðnum, þannig að það er ekkert annað að gera en að koma og gera sér glaðan dag,“ segir María að lokum.

-gpp

Árshátíð nemenda í 1.–7. bekk í Flúðaskóla

Miðvikudaginn 3. apríl sl. héldu nemendur í 1. til 7. bekk í Flúðaskóla árshátíðina sína. Í ár var það leikritið „Áfram Latibær“ eftir Magnús Scheving sem þeir tóku sér fyrir hendur.

Leikgerðin er að mestu leyti eftir Ásgrím Inga Arngrímsson en var örlítið stílfærð og sérsniðin að nemendum. Leikverk þetta er

stórt og mikið og má með sanni segja að nemendur hafi flutt það með miklum sóma, með dyggri aðstoð kennara sinna.

Í Latabæ búa sannkölluð leti-blóð eins og nafn bæjarins gefur til kynna. Þó stendur til að halda þar íþróttahátíð og bæjarstjórninn vinnur hörðum höndum að því að fá bæjarbúa til að taka þátt.

Í Latabæ búa litríkar og ólíkar persónur. Mjög gaman var að fylgjast með nemendum á ólíkum aldurstigum takast á við þá sköpun. Allir nemendur sýndu verkefninu mikinn áhuga og jákvæðni, voru alltaf tilbúnir að taka æfingu, redda búningum eða koma með hugmyndir fyrir leikritið. Það er sannarlega mik-

ið nám búið að fara fram á þeim þremur vikum sem undirbúningurinn stóð yfir. Skólastjórnendur eru sannarlega stoltir af sínu fólki.

Þema leikritsins fer vel saman við Heilsueflandi samfélag, verkefni sem sett verður formlega í Hrunamannahreppi í lok maí.



FLÓAHREPPUR



Krakkaborg

Ekki missa af þessu tækifæri!

Okkur vantar leikskólakennara í 100% stöðu og þroskaþjálfara í 80-100% stöðu

Krakkaborg er þriggja deilda leikskóli og að jafnaði dvelja þar um 40-45 nemendur frá níu mánaða – sex ára. Húsnæði leikskólans er nýlegt og aðstaða og aðbúnaður mjög góður. Hér er góður starfsmannahópur, hátt hlutfall fagmenntaðra og reynslumikilla starfsmanna, yndislegir nemendur og jákvæðir foreldrar. Umhverfi leikskólans býður upp á óendanlega möguleika. Þeir sem vilja vera virkur hluti liðsheildar, jákvæðir og skapandi ættu ekki að hika. Við erum falin perla í aðeins 10 mínútna akstri frá Selfossi. Áhugasamir velkomnir í heimsókn!

Hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun eða önnur uppeldismenntun
- Þroskaþjálfamenntun
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Frumkvæði og jákvæðni
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð

Ef ekki fæst leikskólakennari eða þroskaþjálfari til starfa eru aðrar umsóknir teknar til skoðunar.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum

Nánari upplýsingar veitir Guðbjörg Hólm Þorkelsdóttir leikskólastjóri í síma 480 0151 / 863 7037 eða Björg Kvaran aðstoðarleikskólastjóri í síma 480 0151 / 845 1019.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netföngin guggaholm@floahreppur.is eða bjorgk@floahreppur.is.

Umsóknarfrestur er til 17. maí 2019.



Kennarar óskast við Víkurskóla, Vík í Mýrdal

Víkurskóli Vík í Mýrdal auglýsir eftirfarandi stöður lausar til umsóknar:

Staða sérkennara

Stöður umsjónarkennara, ýmsar kennslugreinar í boði

Við leitum að kennurum sem:

- ✕ Hafa kennaramenntun og leyfisbréf á grunnskólastigi
- ✕ Eru sveigjanlegir og með góða samskiptahæfni
- ✕ Hafa faglegan metnað til að takast á við ný og spennandi verkefni
- ✕ Vilja taka þátt í samstarfi og teymisvinnu
- ✕ Hafa reynslu og þekkingu af upplýsingatækni í skólastarfi
- ✕ Bera virðingu fyrir börnum og hafa áhuga á að starfa með þeim

Víkurskóli er lítill samkennsluskóli með um 50 nemendum.

Í Víkurskóla er leitast við að búa nemendum hvetjandi námsumhverfi. Áhersla er lögð á teymisvinnu og fjölbreytta kennsluhætti. Víkurskóli er heilsueflandi skóli og vinnur í anda Uppbyggingarstefnunnar, Uppeldi til ábyrgðar. Víkurskóli er jafnframt einn af jarðvangsskólum Kötlu Geopark. Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans.

Gerðar eru kröfur um mikla hæfni í mannlegum samskiptum, stundvísni og hreint sakavottorð.

Möguleiki er á húsnæði á staðnum.

Stöðurnar eru lausar frá og með 1. ágúst 2019

Umsóknarfrestur er til og með 8. maí 2019

Umsóknir skulu sendast á netfangið skolastjori@vik.is

Nánari upplýsingar veitir Elín Einarisdóttir skólastjóri í síma 4871242 / 7761320, jafnframt heimasíða skólans www.vikurskoli.vik.is



FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA fundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

**Geðræktarmiðstöðin
Batasetur Suðurlands**
Opnunartími í vetur
miðvikudaga kl. 10-14
Kaffi Líf (við hliðina á Nettó)
föstudaga kl. 10-14
í Strókhúsinu

HÚSNÆÐI ÓSKAST

Óska eftir lítilli íbúð
Rúmlega 70 ára kona óskar
eftir lítilli íbúð á Selfossi. Uppl.
í síma 695 2417.

ÞJÓNUSTA



FATAVIÐGERÐIR

Afgreiðsla/móttaka opin frá
kl. 11:00-15:00 alla virka daga

SAUMASETRIÐ SELFOSSI

Austurvegi 9 (2. hæð)
lyfta í húsinu

Sími: 898 1430

Facebook: Saumasetrið Selfossi

ÞJÓNUSTA

B.R. FLUTNINGAR

S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

STEYPUSÖGUN - KJARNABORUN - INNRÖMMUN -
TVÍBLADASÖGUN FYRIR
HITALÖGNUM

Saga dyragöt, gluggagöt og
fleira í steinsteypu.
Kjarnaborun fyrir lögnum.
Ramma inn myndir,
spjela og fleira.
Annast einnig sólpallasmiði.

ÁSGEIR EGGERTSSON
Sléttuvegi 6, Selfossi
Sími 893 9068
STEINSTEYPUSÖGUNIN ÁS ehf.

Málari óskar
eftir verkefnum

Sparsla, grunna, mála.
Faglærður málari óskar eftir
verkefni á Suðurlandi.
Uppl. í síma 777 6466.

UNDRALAGNIR
ÖLL ALMENN PÓPLAGANNA ÞJÓNUSTA
Hér Karl Ústad: Sími 8484768 undralagnir@gmail.com

BÍLAR

KIETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástillingar

Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

Dráttarbeisli
á flestar bifreiðar
Fljót og góð þjónusta
GB BÍLAR
Hlíðarbrún, Flóahreppi
Sími 894 3063 - 486 1100

HEILSA

Hugurinn,
líkaminn
og sálin

Jákvæðar hugsanir breyta deginum
Energy Touch • Nudd • Nálastungur • Nývithund.
Sími 6932197
Ragnhildur Sigurðardóttir
Cardiologi / Hjóttastofa
Háttahlíðar
Hans Yoga NLP Master/Coach
www.themulflower.is

TIL SÖLU

Göngubraut á
a ð e i n s
45.000,- Þessi
göngubraut er
algjör draum-
ur, því hægt er
að fella hana
næstum alveg
saman eftir notkun og setja til
hliðar. Frí heimsending.
Hámarks þyngd notanda 90
kg. Uppl. í síma 661 1902.

Göngubraut /
hlaupabraut á
a ð e i n s
69.500,- Stærð
b r a u t a r
42x115 sm,
h á m a r k s -
þyngd notanda 110 kg.
Hámarks hraði 14 km/klst, 8
prógröm. Sendi frítt hvert á
land sem er. Prektæki, uppl. í
síma 661 1902.

HÚSNÆÐI TIL SÖLU

Íbúð til sölu
Björt og falleg 80,4 fm íbúð
í fjölbýli á Selfossi, er til
sölu. Íbúðin er á jarðhæð
með sér inngangi. Hún er
þrígga herbergja með stórum
sólþalli og góðu and-
dyri. Uppl. í síma 867 7784.

KIRKJUR

Stóra-Núpskirkja
Guðsþjónusta kl. 11 sunnudag-
inn 5. maí. Söngsveitin Tvenn-
ir tímar leiðir sönginn undir
stjórn Stefáns Þorleifssonar,
organista. Allir hjartanlega
velkomnir. Sóknarprestur

Hvítasunnukirkjan Selfossi
Sunnudaga kl. 11:00. Sam-
koma, barnastarf og kaffiveit-
ingar. English translation ava-
ilable. Þriðjudaga kl. 19:30
unglingasamkoma. Bæna-
stundir kl. 18 mánudaga,
þriðjudaga og föstudaga. Allir
innilega velkomnir. www.sel-
foss Gospel.is.

ATVINNA

Matráður óskast
Óska eftir að ráða matráð eða
aðila til að elda heimilismat í
hádeginu fyrir 50-60 manns.
Nánari uppl. í síma 772 0202.

ÓSKAST KEYPT

Ljár í orf
Vantar góðan ljár í orf. Uppl.
s. 616 6044 (Ólafur).

Selfoskirkja
Messa kl. 11. Kór kirkjunnar
syngur undir stjórn Esterar
Ólafsdóttur organista. Sr.
Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar
fyrir altari.

Stokkseyrarkirkja
Fermingarmessa sunnudaginn
5. maí kl. 11:00. Kór kirkjunnar
leiðir söng. Organisti Haukur
Arnarr Gíslason. Prestur sr.
Arnaldur Bárðarson.

STARFSFÓLK VANTAR Í NÝJU
BÚÐINA OKKAR Á SELFOSSI :)

Vaktavinna 2-2-3 framtíðarstarf.
Einnig sumarafleysingar

Einnig opið fyrir umsóknir fyrir
framtíðarstarf í Hveragerði frá september.
Vaktavinna 2-2-3. 18 ára og eldri.

Allar umsóknir móttækna á almarbakari@gmail.com.

ALMAR
BAKARI



F.v.: Aðalsteinn á Hrafnkelsstöðum, Fjola í Birtingaholti 4 og Ólafur í Hrepphólum.

Af nautgriparækt í Hrunamannahreppi

Á aðalfundi Nautgriparæktar-
félags Hrunamanna sem
var haldinn á Hótel Flúðum 17.
apríl sl. kom m.a. fram að öll
kúabú í Hrunamannahreppi eru
í skýrsluhaldi eða 21 bú. Meðal-
búið telur 56,9 árskýr og meðal-
innlegg mjólkur er 353.266 lítr-
ar. Hefð er fyrir því hjá félaginu
að veita viðurkenningar fyrir
góðan árangur félagsmanna
varðandi afurðir og ræktun.

Afurðahæsta bú sveitarinnar
á síðasta ári var hjá Ólafi Stef-
ánssyni og Ástu Oddleifsdóttur
í Hrepphólum með 8003 kg af
mjólk og 604 kg/MFP á ársku.
Afurðahæsta kýrin árið 2018
var Randafluga 1035, Flugu- og
Boladóttir í eigu Fjólu Kjartans-
dóttur og Sigurðar Ágústssonar
í Birtingaholti 4 með 13.947 kg
í ársafurðir. Ræktunarbúi ársins

er veitt viðurkenning minninga-
sjóðs Jóhanns og Hróðnýjar frá
Dalbæ fyrir mesta aukningu
verðefna á milli ára. Birtinga-
holt 4 hlaut þennan heiður með
aukningu upp á 112kg/MFP.
Eigandi efnilegustu kvígu ársins
fær Huppuhornið og kom það í
hlut Margrétar og Aðalsteins á
Hrafnkelsstöðum 3 fyrir Brynju
634, Túslu- og Bambadóttur. Á
síðasta ári var hæst dæmda naut
úr árgangi 2012 Sjarmi 12090
frá Hrepphólum og var veitt sér-
stök viðurkenning fyrir það.

Að fundi loknum fóru fé-
lagsmenn að skoða nýjasta fjós-
sveitarinnar hjá þeim Margréti
og Páli í Núpstúni. Í stjórn fé-
lagsins sitja þau Bogi Pétur í
Birtingaholti 1, Marta á Kóps-
vatni og Fjóla í Birtingaholti 4.

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS



Söfnuðu fyrir Rauða krossinn



Íris María Andradóttir safnaði 2.432 kr. sem hún gaf Rauða krossinum á Selfossi til að gefa börnum í Afríku.



Reykdal Máni og Unnur Eva söfnuðu 10.379 kr. fyrir Rauða krossinn á Selfossi með því að selja dót og halda tombólu.

Spennandi og skemmtileg efnisskrá hjá Karalakór Selfoss



Karakór Selfoss

Karakór Selfoss hélt fyrstu kvöldstund sinni í Selfosskirkju á sumardaginn fyrsta. Á efnisskrá var sambland klassískra karlakórslaga og þekktra íslenskra og erlendra dægur- og þjóðlagaperla. Að þessu sinni fékk kórinn til liðs við sig fjóra undirleikara sem gerði dagskrá

kvöldsins enn meira spennandi og óhefðbundna miðað við fyrri tónleika kórsins.

Næstu tónleikar kórsins eru svo þriðjudagskvöldið 30. apríl í Selfosskirkju kl. 20:30, í Fella- og Hólakirkju 2. maí kl. 20:00 og loks í Skálholti þann 4. maí kl. 17:00.

»DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Ferskar fréttir á hverjum degi!



Norræni fataskiptimarkaðurinn

Árlega er Norræni fataskiptimarkaðurinn (Nordic Swap Day) haldinn um öll Norðurlöndin til að draga úr fatasóun og um leið að veita umhverfisvæna leið til að losa sig við heilar og góðar flíkur sem eru ekki í notkun og hugsanlega að finna sér aðrar nýjar til að taka með sér heim. Viðburðurinn rekur uppruna sinn til Svíþjóðar þar sem hann var í fyrsta sinn haldinn árið 2010 og hefur síðan þá fengið góða útbreiðslu um Norðurlöndin og er núna haldinn í annað sinn á Íslandi.

Í ár var dagurinn haldinn laugardaginn 6. apríl sl. og voru fjórir staðir sem buðu upp á aðstöðu til skiptimarkaðarins. Þeir voru í Háskóla Íslands, Hamrin-

um ungmennahúsi í Hafnafirði, ungmennahúsinu Rósenborg á Akureyri og í Grunnskólanum á Laugarvatni.

Viðburðurinn á Laugarvatni var eini viðburðurinn á Suðurlandi sem haldinn var í tilefni dagsins og gekk hann vonum framár. Vonandi er því hér um að ræða viðburð sem verður tekinn upp í fleiri sveitarfélögum á Suðurlandi á næsta ári, og jafnvel oftár, því ef fatamarkaðurinn á Laugarvatni sýnir einhverja mynd af venjulegu heimili á Suðurlandi þá er af nógu að taka.

Fyrirkomulag markaðarins var þannig að hver sem vildi mátti mæta með heil föt, sem voru hætt í notkun á því heimili. Hér var því ekki verið að

óska eftir götöttu sokkunum, eða slitnu bolunum. Þetta var markaður fullur af frekar nýlegum og vel með fönum fötum sem heimilismeðlimir voru vaxnir upp úr eða hentuðu af einhverjum ástæðum ekki lengur.

Alls mættu 12 fjölskyldur með ríflega 57 kg af fatnaði. Alls voru tekin rúmlega 22 kg af fatnaði þannig að eftir stóð um 35 kg. Þessi föt eru m.a. heilir pollagallar, útivistarfatnaður, gallabuxur, bolir, kjólar o.s.frv. Fatnaðurinn var svo vel með farinn að ákveðið var að halda annan markað og hafa betri auglýsingu á fleiri tungumálum og auglýsa víðar til að koma þessum fötum á góða staði áður en þeim verður komið fyrir í hjálparstofnun.

Fiskeldisfræðingur, Núpar í Ölfusi



SAMHERJI HF



Samherji Fiskeldi er dótturfyrirtæki Samherja sem rekur þrjár áframeldisstöðvar, tvær á Suðurnesjum og eina í Öxarfirði. Félagið rekur þar að auki þrjár seiðastöðvar og fullkomna fiskvinnslu í Sandgerði. Félagið er stærsti bleikjuframleiðandi í heimi og selur afurðir sínar til kröfuharða viðskiptavina.

Gæði og áreiðanleiki eldisferils Íslandsbleikju er vottaður af óháðum aðila, IMO frá Sviss.

Nánari upplýsingar á www.samherji.is

Samherji Fiskeldi auglýsir spennandi starf í seiðastöð félagsins að Núpum í Ölfusi. Leitað er að skipulögðum og úrræðagóðum einstaklingi með áhuga á fiskeldi. Æskilegt er að viðkomandi sé búsettur í nágrenni stöðvarinnar.

- Starfið felst m.a. í að halda utan um eldi stöðvarinnar; skipuleggja flokkun, bólusetningar og flutninga.
- Reynsla og menntun í fiskeldi er nauðsynleg. Reynsla af seiðeldi er kostur.
- Viðkomandi þarf að vera ábyrgur og vandvirkur með auga fyrir umhirðu dýra.
- Vinnutími er frá kl. 8:00 til 16:00 alla virka daga auk einnar vaktar í mánuði.

Vöxtur er í fiskeldi Samherja og fram undan eru áhugaverðir tímar við uppbyggingu Núpa. Þar sem eldisstöðin verður stækkuð og aðstaða bætt.

Umsóknir sendist á Gunnar Dag Darrason stöðvarstjóra á netfangið gdd@samherji.is

Umsóknarfrestur er til 7. maí.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Gunnar í síma 821 1407





Nokkrir Eyfellingar eftir góðan hreinsunardag. Mynd: Rangárþing eystra.

Nærumhverfið í Rangárþingi eystra fegrað

Nú er sumarið komið samkvæmt dagatalinu. Þetta má líka vel merkja hjá íbúum og fleiri og fleiri sjást á vappi í gördunum sínum í vorverkunum. Vorverkin í dreifbýlinu eru líka margvísleg, stór og smá og mikið líf og fjör að hefjast hjá bændum.

Það er jú nefnilega mjög mikilvægt að við íbúar og aðrir er eiga fyrirtæki og eignir hér á svæðinu, s.s. sumarbústaði, stöndum saman í því að halda umhverfinu í okkar fallega sveitarfélagi hreinu. Margt smátt gerir eitt stórt og um leið og fólk er orðið meðvitað um

að hvert einstakt verk í hreinsun nærumhverfisins gerir mikið gagn þá verður verkið auðvelt og jafnvel bara skemmtilegt.

Ungmennafélagið Trausti undir Eyjafjöllum boðaði til hreinsunar meðfram þjóðvegnum og öðrum hreppsvegum í sinni sveit í byrjun apríl og eiga þau stórt hrós skilið fyrir að vera okkur hinum svona góð fyrirmynd. Hugmyndin er frábær og eftir góða hreinsunarferð var komið saman að Skálakoti í góðra vina hópi. Hreinsunardag sem þennan ættu öll félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki að setja á sína dagskrá. Eiga saman

góðan tíma og láta gott af sér leiða fyrir umhverfið á sama tíma.

Rétt er að minna svo sérstaklega á það að ganga vel frá öllum sorpílátum, sérstaklega þegar von er á vindi, því það hefur borið við að eftir vinda-sama daga hefur mikið af rusli fokið úr tunnum í þéttbýlinu. Það er frekar leiðinlegt að sjá pappa og plast hangandi í trjáum og runnum út um víðan völl.

Stöndum saman og fegrum umhverfið okkar.

(Frétt af vef Rangárþings eystra)

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - WWW.FROSTMARK.IS

**Raf- og Kæli-
þjónustan ehf.**
Sími 660 2970
• Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum • Ísskápaþiðgerðir • Almennar raflagnir

...í réttum gæðum
Gluggar Útihurðir Sérsmíði
GK GLUGGAR
Norður-Nýjabæ | 851 Helli | 566 6787
www.gkgluggar.is | gkgluggar@gkgluggar.is

opið alla daga
rauða húsið
restaurant Eyrarbakka
raudahusid.is
483-3330
Búðarstíg 4 • 820 Eyrarbakka
raudahusid@raudahusid.is
opið 17:00-21:00 mán-fim
12:00-21:00 lau-sun

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

Josera.
super premium
gæludýrafóður
Fæst hjá
BYKO Selfossi

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
**Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmíði**
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

**Hjólbarðapjónusta
Magnúsar**
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

**Bílamerkingar
Strigaprentun
Fatamerkingar
Gluggafilmur
Límimiðar
Skiltagerð
Filmulausnir
og merkingar**
Háheiði 6, Selfossi s: 833 2299
filmulausnir@filmulausnir.is
Ópið mánudaga til föstudaga frá kl. 9 - 17

**Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti**
Bilverk BA
- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

**BÓKLEGT VINNUVÉLANÁM
Á NETINU**
NÁM SEM GEFUR RÉTT TIL PRÓFS Á ALLAR GERÐIR
OG STÆRÐIR VINNUVÉLA
OPIÐ ALLAN SÓLAHRINGINN **VERÐ 60.000 kr.**
**VINNUVÉLA
SKÓLINN**
vinnuvelaskolinn.is

**HREINGERNINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.**
Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.
Símar 483 3827 og 897 8444
Heint um allt Suðurland

**MERKINGAR
LASERSKURÐUR
FRÆSINGAR
PRENTUN**
Kennslustofa 60
SB SKILTAGERÐ
Þorlákshöfn - Sími 483 1955 - www.sbskilti.is

Jiibbií
Siggafærðir
- Flutningapjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

**Tækniþjónusta
Suðurlands ehf.
Selfossi**
Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Efirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkarfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson
sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson
sími 779 6777

FYLGD
Útfararþjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími